

# Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRDUM

Miðvikudagur 20. ágúst 1997 • 33. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

## Fólksflótti frá Vestfjörðum

# Aðeins getið um brottflutta í DV

Mörgum Vestfirðingum finnst sem DV hafi um skeið lagt Vestfirði í einelti með tíðum fréttum um fólksflotta frá fjórðungnum.

Nýlega birti blaðið tvær fréttir með stríðslettri, annars vegar um að 60 manns væru að flytja frá Patreksfirði og hins vegar um að 16 fjölskyldur væru að fara frá Ísafirði. Annarlegar hvatir eru taldar liggja þarna að baki vegna þess að blaðið virðist ekki hafa sama áhuga á að fjalla um fólksflutninga frá öðrum landshlutum.

Einnig er til þess tekið að í DV er einungis getið um þá sem eiga að vera flytjast brott, en ekki minnst á fólk sem flyst til Vestfjarða. Einn viðmælenda BB hafði þetta að segja um framangreint:

„Héðan má enginn fara án þess að DV birti frétt um það eða jafnvel viðtal við viðkom-

andi. Ég hef ekki orðið var við áhuga DV á fólksflutningum frá öðrum landshlutum, t.d. Austfjörðum, og þess vegna hlýtur að hvarfla að manni að einhverjar annarlegar hvatir liggja þarna að baki.

Reynir Traustason fréttastjóri DV, er reyndar brottfluttur Vestfirðingur og það skýrir ef til vill þennan áhuga. Hann er kannski að draga upp svona dökka mynd af Vestfjörðum til að við hin sannfærumst um að við eigum að flytja á mölina til hans. Honum hlýtur að leiðast svona félagskapurinn fyrir sunnan.“

Nánari umfjöllun um fréttflutning af meintum fólksflotta frá Vestfjörðum er að finna á bls. 5, þar sem rætt er við Viðar Helgason, bæjarstjóra í Vesturbyggð og Þórunni Gestsdóttur, aðstoðarmann bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar.



## Forsetasonur á kajak

John F. Kennedy yngri, sonur John F. Kennedy fyrrum forseta Bandaríkjanna, sem myrtur var í Dallas í Texas árið 1963, var í fríi á Vestfjörðum í síðustu viku ásamt þremur félögum sínum. Við komuna til landsins óskaði Kennedy eftir því að fá fríð fyrir fjölmiðlum og öðrum ágangi og hefur fór þeirra því farið mjög leynt. Ljósmyndari blaðsins hittir þá félaga við Kamsnes á sunnudag og tók meðfylgjandi mynd af þeim í fjörunni í Súðavík við komuna þangað. John F. Kennedy er fyrir miðri mynd í gulum og bláum galla. Sjá einnig frétt og myndir á bls. 4.

## Gunnvör hf., orðin stærsti hluthafinn í Hraðfrystihúsinu hf. í Hnífsdal

# Hlutabréf í Hraðfrystihúsinu á Opna tilboðsmarkaðinn á haustmánuðum

Útgerðarfélagið Gunnvör hf., á Ísafirði sem gerir út frystiskipið Júlíus Geirmundsson ÍS-270, hefur keypt eignarhluti fyrri meirihlutaeigenda Frosta hf., í Súðavík í Hraðfrystihúsinu hf., og er þar með orðinn stærsti einstaki hluthafinn í félaginu. Á hluthafafundi sem haldinn var í Hraðfrystihúsinu hf., á laugardag var kosin ný stjórn fyrirtækisins og skipa hana þeir Einar Valur Kristjánsson, stjórnarformað-

ur, Björn Elías Ingimarsson, Kristján G. Jóakimsson, Ágúst Kr. Björnsson og Jón Ólafur Þórðarson. Varamaður stjórnar er Kristján Pálsson, alþingismaður.

Tog hf., eignarhaldsfélag fimm stjórnenda hjá Frosta hf., áttu meirihluta hlutafjár í Frosta. Gunnvör hf., hefur keypt Tog hf., ásamt persónulegum eignarhlutum eigenda þess og einn hlut til viðbótar. Þar með er félagið orðið stærsti

einstaki hluthafinn í Hraðfrystihúsinu hf., eftir yfirtöku þess á Frosta hf., og Miðfelli hf. Hraðfrystihúsið hf., var fyrir sameininguna fjársterkasta sjávarútvegsfyrirtækið á Vestfjörðum en töluverðar skuldir fylgdu hins vegar Frosta hf., inn í nýja félagið. Til þess að setta sem flesta hluthafana á sameiningu og þær breytingar sem þeim fylgja var ákveðið að hækka hlutafé félagsins og lækka það aftur með því að

greiða hluthöfunum út 350-400 milljónir króna.

Á stjórnarfundinum sem haldin var í Hraðfrystihúsinu hf., eftir hluthafafundinn, voru kynntar ýmsar hugmyndir um hagræðingu í útgerð, m.a. um sölu á frystitogaranum Andey. Að sögn Konráðs Jakobssonar, framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins hf., er ráðgert að hlutabréf í félaginu verði boðin til sölu á Opna tilboðsmarkaðnum með haustinu.



Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal. Gunnvör hf., á Ísafirði er orðinn stærsti einstaki hluthafinn í félaginu eftir kaup þess á Togi hf., sem átti meirihlutann í Frosta hf., sem sameinað var Hraðfrystihúsinu hf., fyrir stuttu.

Blaðsíða 3

Lögreglan fær myndeftirlitsbúnað að gjöf



Blaðsíða 6

Félagarnir á Café Castro á Ísafirði



Blaðsíða 9

Fegurstu garðar Ísafjarðarbæjar verðlaunaðir



# Spurningin

Hvernig líst þér á nýja einkennisfatnaðinn?



**Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði:**

„Mér líst mjög vel á það sem ég er búinn að sjá. Þetta verður til þess að það skilur á milli hversdagslegra vinnufata og hátíðarbúninga. Gamli flautujakkinn og húfan verða í framtíðinni einungis notuð til skrauts, t.d. á 17. júní og þegar staðinn er heiðursvörður. Gamla kaskeitið hefur alltaf verið vandamál og erfitt að fá það til að tolla á kollinum í roki. Það verður allt annað að fá svona léttu vinnuhúfu.“

Nú er unnið að breytingum á reglugerð um einkennisfatnað lögreglumanna og á hún að ganga í gildi 1. janúar n.k. Helsta nýjungin er nýtt höfuðfat í formi derhúfu og verða lögreglumenn því í stíl við hjólabrettakynslóðina. Þeir fá einnig ný vinnuföt og nýjar merkingar eftir stöðu lögreglumanna.

# „Eins og að steypa sér fram af Hornbjargi“

– segir Björgvin Þórðarson, rafvirkjameistari frá Flateyri sem var á meðal farþega

Metro flugvél Flugfélags Íslands lenti í miklum sviptivindum stuttu eftir flugtak frá Ísafirði á áttunda tímanum á laugardagskvöld. Þegar vélin lenti í ókyrrðinni var hún komin í 6.000-7.000 feta hæð og var stödd út af Arnarnesi, milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar. Flugvélin tók nokkrar dýfur og mun sú fyrsta hafa verið dýpst, en talið er að vélin hafi þá fallið um allt að 4.000 fet. Í sviptingunum bylgjuðust plötur sem hylja vængi vélarinnar og stálleiðsla í vökvaprýstikerfi fór í sundur. Við það missti vélin þrýsting úr vökvakerfi sem stýrir hjólabúnaði og þurftu því flugmennirnir að setja nefhjólíð niður með handaflí.

Eftir að flugmönnum, Sveinbirni Bjarnasyni og Jónasi Jónassyni, hafði tekist að komast út úr ókyrrðinni héldu

þeir áfram ferð sinni til Reykjavíkur. Þar var mikill viðbúnaður þegar flugvélin lenti. Flugvélin sem ber einkennisstafina TF-JML, kom til landsins 27. júní sl., og er því alveg ný. Hún tekur nítján farþega og var fullsetin þegar atvikið átti sér stað. Rannsóknarnefnd flugslysa hefur málið til rannsókna og hefur flugriti vélarinnar verið sendur utan til aflestrar. Björgvin Þórðarson, rafvirkjameistari frá Flateyri, sem nú er búsettur í Reykjavík, var á meðal farþega í fluginu á laugardag.

„Við vorum komin upp í skýjabakka þegar darraðadansinn byrjaði. Vélin hrapaði ansi langt að manni fannst þó svo að maður geri sér ekki grein fyrir lengdinni. Þegar vélin var komin niður, var hún rifin upp að nýju með svipuðum krafti. Ég held að dýfurnar hafi verið

fjórar eða fimm og mér fannst vélin alltaf vera á réttum kili, þó svo að erfitt sé að átta sig á því þegar maður er í skýjum. Allt lauslegt um borð flaut aftur eftir vélinni uppi í þaki og þar á meðal gleraugun mín sem ég hafði í brjóstvasanum,“ sagði Björgvin.

Hann sagði að menn hefðu brosað við fyrstu dýfuna og haft á orði að hún hefði verið heldur hressileg, en þegar þetta endurtók sig nokkrum sinnum, hefði farið um hann enda óþægileg tilfinning að lenda í atviki sem þessu. „Þetta var eins og uppskot í geimfari, maður keyrðist niður í sætin og hékk í beltunum á niðurleiðinni. Þetta var eins og að steypa sér fram af Hornbjargi. Ég var ekki var við neina skelfingu, fólk var ósköp rólegt. Auðvitað heyrðist eitt og eitt hróp enda nokkuð af börnum

um borð, en skelfingin var lítið. Fólk leið auðvitað illa en það var enginn tími til að hugsa, það var nóg að gera að halda sér.“

Björgvin sagði flugmennina hafa talað við farþegana um leið og vélin slapp úr ókyrrðinni en þá var hún komin í 9.000 feta hæð. „Flugmennirnir voru rólegir enda ýmsu vanir. Þeir höfðu nóg að gera við að halda vélinni á lofti og stöðu sig með þrýði. Það hvarflaði ekki að mér að þetta gæti orðið það síðasta enda ýmsu vanur í fluginu.“ Björgvin sagði að engin fulltrúi félagsins hefði tekið á móti farþegum við komuna til Reykjavíkur enda kannski ekki ástæða til. „Við gengum bara út eins og aðrir farþegar félagsins og fórum inn í flugstöðina. Félagið sendi okkur blómvönd á sunnudagskvöld og er það vel. Það er



Björgvin Þórðarson.

enginn beygur í mér eftir þessa líffreymslu. Ég get alveg farið upp í svona vél aftur, þó svo að maður voni að maður lendi aldrei í slíku aftur. Maður sá allavega á þessu hvað vélin þolir,“ sagði Björgvin Þórðarson í samtali við blaðið.

## Lögreglan á Ísafirði

# Hraðakstur og árekstur í göngunum

Lögreglan á Ísafirði svipti í síðustu viku tvo ökumenn ökurétti sínum fyrir of hraðan akstur í Vestfjarðagöngunum. Annar var sviptur ökurétti í mánuð auk þess sem honum var gert að gangast undir ökuþróf að nýju, en hann mældist á 111

kílómetra hraða. Hinn mældist á 135 kílómetra hraða og var að sjálfsögðu einnig sviptur ökuleyfi sínu. Sá lét sér þó ekki segjast og ók drukkinn á grindverk við leikskólann á Þingeyri morguninn eftir og átti kona sem var að vinna við

grindverkið, fótum sínum fjör að launa. Maðurinn á yfir höfði sér fjarsektir allt að hundrað þúsund krónum hið minnsta og getur auk þess þurft að sæta ákæru fyrir brot sín.

Á miðvikudaginn varð árekstur í göngunum. Tveimur

bílum var ekið í átt til Ísafjarðar og mættu þeir bíl sem kom úr gagnstæðri átt og vék sá ekki fyrir hinum tveimur eins og hans var skylda. Bílstjóri fremri bílsins brá á það ráð að sveigja frá eins og kostur var og stöðva ökutæki sitt. Bílstjóri

aftari bílsins náði hins vegar ekki að stöðva í tíma og ók aftan á fremri bílinn. Kona sem var í fremri bílnum fékk hnykk á háls og stúlka sem með henni var kvartaði undan eymslum undan öryggisbeltum. Þær voru fluttar á sjúkrahús.

## Bæjarins besta

Stofnab 14. nóvember 1994

### Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólgötu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

### Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

### Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

### Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

### Netfang:

hprent@snerpa.is

### Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

# Vestfjarðaleið

## Leiðari

Enda þótt gerð vegarins yfir Gilsfjörð sé ekki að fullu lokið hafa ferðalangar fengist að skjótast yfir brúna, sem íbúar Dalabyggðar og Reykhólahrepps höfðu beðið svo lengi eftir. Öllum er blaðið hefur haft spurnir af ber saman um ágæti þessa verks, sem síður en svo var auðfengið að fá stjórnvöld til að gangast inn á og reynt var að þvælast fyrir af ýmsum aðilum. Sá mikli og hættulegi farartálmi sem Gilsfjörðurinn hefur verið er nú úr sögunni.

Brúin yfir Gilsfjörð kemur til með að skipta íbúa á norðanverðum Vestfjörðum miklu máli verði rétt staðið með frekari vegagerð og er þar átt við tengingu yfir Ísafjarðardjúpi. Í því sambandi liggur beinast við að endurbæta veginn yfir Þorskafjarðarheiði. Það mun talinn tiltölulega ódýr kostur miðað við aðra valmöguleika, sem til tals hafa komið.

Vegur um Þorskafjarðarheiði er skásti kosturinn fyrir þéttbýliskjarnana við utanvert Ísafjarðardjúpi. Vegur um Tröllatunguheiði, sem sumir hverjir mæna á, yrði vissulega veruleg samgöngubót milli Reykhólahrepps og Hólmavíkur en mun síðri kostur fyrir byggðarlögin við Djúp, en staða þeirra hlýtur að vega þungt þegar til ákvörðunar um framhaldið kemur.

Með vegi yfir Þorskafjarðarheiði, tilkomu Gilsfjarðarbrúarinnar og síðar jarðganganna undir Hvalfjörð kæmi leiðin til Ísafjarðar til með að stýftast um u.þ.b. 100 kílómetra. Það munar um minna. Tvær síðar

nefndu framkvæmdirnar eru staðreynd. Um þá þriðju þarf að taka ákvörðun.

Lengi vel voru jarðgöng tabú hjá Vegagerðinni. Hið sama gilti um að brúa firði. Í stað þess var valin sú leið að krækja fyrir hvern fjarðarbotninn á fætur öðrum. Þessi afstaða Vegagerðarinnar kallaði á lengri vegi en nauðsynlegt var í mörgum tilfellum. Þessum álögum hefur nú verið aflétt.

Jarðgöngin á Vestfjörðum og nú Hvalfjarðargöngin sanna svo ekki verður um villst, að íslenskir verktakar eru búnir að ná þeim tókum á jarðgangagerð, að ekki verður aftur snúið til fyrri vinnubragða og þræða allar hliðar og gilskorninga. Eftir því sem efni og ástæður leyfa hljótum við í framtíðinni að stytta leiðir milli byggðalaga með jarðgöngum og með því að brúa firði. Þótt jarðgöng og brýr séu dýrari en jafnlangir vegarspottar, hlýtur stofnkostnaðurinn að skila sér til lengri tíma lítið í viðhaldi, að ekki sé minnst á snjómokstur, ef á annað borð er ætlunin að halda viðkomandi leiðum opnum allt árið.

Vestfirðingar samgledjast íbúum Dalabyggðar og Reykhólahrepps og fagna því að Gilsfjarðarbrúin er orðin að veruleika.

Það fer hins vegar ekkert á milli mála að það er Vestfirðinga að segja til um framhaldið.

s.h.

# Mun auðvelda lausn margra fíkniefnamála

Á miðvikudaginn afhenti Svavar Sigurðsson lögreglunni á Ísafirði myndeftirlitsbúnað, sem notaður verður til að auðvelda lögreglu að koma upp um fíkniefnasölu og flutning fíkniefna. Svavar hefur síðan árið 1994 helgað líf sitt baráttunni gegn eiturflyfjum og hefur fært löggæslumönnum víðs vegar á landinu ýmsan búnað til nota gegn innflytjendum og sölumönnum fíkniefna.

Svavar sagðist í samtali við blaðið, hafa fengið góðan fjárstuðning frá vestfirskum fyrirtækjum og stofnunum vegna kaupanna á búnaðinum, sem

er að verðmæti um hálf milljón króna. Honum var vel tekið hvar sem hann kom og hefur sjaldan mætt jafn góðum viðbrögðum í söfnunum sínum. Ástæðuna telur hann vera að fólk á Vestfjörðum sé meðvit- aðra um fíkniefnavandann en gengur og gerist og þess vegna vilji það leggja sitt af mörkum í varnarbaráttunni gegn honum.

„Ég vill taka fram að hér er verið að fást við orsök vanda- málsins en ekki afleiðingu. Mér finnst ákaflega einkennilegt að ríkisvaldið skuli sífellt vera að fást við afleiðingar vandans og verja til þess hundruðum millj-

óna króna, í stað þess að takast á við orsakir vandamálsins sem er mun ódýrara og árangurs- ríkara,“ sagði Svavar.


Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Ísafirði, Öundur Jónsson, yfirlögregluþjónn og Jón Bjarni Geirsson, rannsókn- arlögreglumaður, tóku við myndeftirlitsbúnaðinum fyrir hönd lögreglunnar á Ísafirði. Ólafur Helgi þakkaði Svavari þá eljusemi og þrautseigju sem hann hefur sýnt í baráttu sinni gegn þeim mikla vágesti sem eiturflyfjakinn hefur í för með sér.

„Með starfi þínu hefur þér

tekist að sameina krafta þeirra fjölmörgu sem vilja leggja þessari baráttu lið. Um leið og ég ítreka þakkir fyrir upptöku- myndavélina, myndbandstæk- ið og aðra fylgihluti, er rétt að nefna að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þú lætur lögregluna á Ísafirði njóta krafta þinna,“ sagði Ólafur Helgi m.a. Hjá honum kom fram að tækin verða fyrst og fremst notuð í tengslum við rannsókn fíkn-iefnamála. Gætt yrði friðhelgi einkalífs og dómstólum látið eftir að ákveða notkun upptaka sem gerðar kunna að verða.



Öundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði, tekur við myndeftirlitsbúnaðinum frá Svavari Sigurðssyni. Með þeim á myndinni er Jón Bjarni Geirsson, sem nýverið var skipaður rannsóknarlögreglumaður á Ísafirði til fimm ára.



## Vegurinn um Óshlíð

# Framkvæmdir til að varna grjóthruni

Að undanfögnu hefur verið unnið að því að breikka og dýpka vegrás fyrir ofan kafla vegarins um Óshlíð þar sem heitir Skriður. Þetta svæði er af öllum sem til þekkingar, talinn mesti hrunstaðurinn á allri hlíðinni, að sögn Kristjáns Kristjánssonar

verkfræðings hjá Vega-gerð ríkisins á Ísafirði. Með framkvæmdinni er verið að reyna að laga svæðið sem tekur við grjóthruni og tryggja þar með betur öryggi vegfarenda. Um 75-80 þúsund rúmmetrar jarðvegs verða

fluttir til vegna verksins, en það er fyrirtækið Jón og Magnús ehf. sem sér um framkvæmdirna. Áætlaður kostnaður er 12-13 milljónir króna og á verkinu að verða lokið 15. október.

## Nýir eignaraðilar að Vöruvali ehf., á Ísafirði

# Er einungis að minnka álagið á mér

— segir Benedikt Kristjánsson, kaupmaður, sem áfram mun gegna starfi framkvæmdastjóra

Haukur Benediktsson, verslunarstjóri Vöruvals á Ísafirði og Guðmundur Sverrisson, bakari hjá Gamla bakaríinu á Ísafirði, hafa keypt 30% hlut í Vöruvali ehf., á Ísafirði, en það fyrirtæki rekur m.a. Vöruvals verslunina í Hnífsdal og Björnsbúð á Ísafirði. Að sögn Benedikts Kristjánssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, er stefnt að því að Haukur og Guðmundur kaupi meirihluta hlutfjár í fyrirtækinu en Benedikt og fjölskylda munu áfram reka Vöruval ehf., í Bolungarvík auk þess sem þau munu áfram eiga hlut í fyrirtækinu á Ísafirði.

„Ég er að fá tvo ágæta menn inn í reksturinn, Hauk Benediktsson, sem verið hefur verslunarstjóri hjá mér frá stofnun fyrirtækisins árið 1987 og

Guðmundur Sverrisson, bakara. Til að byrja með kaupa þeir 30% hlut í fyrirtækinu en stefnan er sú að þeir eignist meirihlutann með tíð og tíma. Ég er ekkert að fara frá Ísafirði, ég er eingöngu að þessu til þess að minnka álagið á mér. Ég fæ þarna með mér tvo menn sem ég þekki aðeins af góðu og vænti góðs af samstarfinu. Ég hef lengi lagt að Hauki að koma inn í reksturinn og það er að verða að veruleika núna,“ sagði Benedikt.

Hann sagði að þeir félagar, Haukur og Guðmundur, myndu sjá um daglegan rekstur Vöruvals ehf., á Ísafirði, þ.e. verslunina á Skeiði, í Hnífsdal og Björnsbúð, en Vöruval ehf., í Bolungarvík yrði áfram undir hans stjórn. Benedikt verður áfram framkvæmdastjóri Vöru-

vals á Ísafirði. „Ég er ekkert að gefa eftir í samkeppninni við Samkaup, heldur einungis að fá til liðs við mig tvo góða menn, sem koma til með að létta mikið á mér í hinu daglega amstri. Ég er störfum hlaðinn og vill minnka álagið. Þessi ráðstöfun er hluti af því,“ sagði Benedikt.

Eigendaskipti eru einnig að eiga sér stað á Blómabúð Ísafjarðar. Eigendur verslunarinnar til sex ára, Valdís Ólafsdóttir og Gunnhildur Gestsdóttir eru um þessar mundir að ganga frá sölu á fyrirtækinu til Ásdísar Ólafsdóttur, sem er að flytja búferlum frá Hafnarfirði til Flateyrar. Ásdís hefur starfað í versluninni í sumar og mun taka við rekstrinum fyrir lok þessa mánaðar. „Ástæðan fyrir söluinni er mikil

vinna. Við erum orðnar þreyttar og höfum orðið hug á að hugsa um börnin og okkar heimili,“ sagði Gunnhildur í samtali við blaðið.

Þá má einnig geta þess að

fyrir í sumar urðu eigendaskipti á versluninni Basil á Ísafirði, þegar Ingibjörg Jónasdóttir seldi reksturinn til Sigrúnar Baldursdóttir. Þá hefur blaðið haft spurnir af því að núverandi

eigendur Efnalaugarinnar Albert á Ísafirði, hafi hug á að selja reksturinn og muni auglýsa hann til sölu innan tíðar. Þetta hefur ekki fengist staðfest.

## Íbúum Ísafjarðar fjölgar

# Ný júgóslavnesk fjölskylda komin

Fjögurra manna fjölskylda frá fyrrum Júgóslavíu hefur nú bæst í hóp samlanda sinna á Ísafirði. Hjónin Zeljko og Else Sankovic og synir þeirra Leo og Djordje, komu hingað til lands frá Kýpur en þau bjuggu áður í Krajina-héraði

í Júgóslavíu. Else á móður og systur á Ísafirði sem voru í flóttamannahópnum sem kom til Ísafjarðar í fyrra og er þriðja systirin væntanleg ásamt hópi flóttamanna til Hornafjarðar. Fjölskyldan mun búa fyrst um sinn

hjá móður Else og hafa hjónin fengið loforð um vinnu hjá Básafelli. Zeljko hefur starfað við knattspyrnuþjálfun nánast alla sína ævi og er nú verið að kanna möguleika á að hann taki að sér þjálfun ísfirskra knattspyrnumanna.

# Fyrsti maðurinn sem ég hef séð borða rabbabara-graut saman við skyr og rjóma

– segir Konráð Eggertsson, skipstjóri sem var forsetasyninum og félögum hans til aðstoðar á leið þeirra um Jökulfirði og Ísafjarðardjúp

John F. Kennedy yngri, sonur John F. Kennedy fyrrum Bandaríkjaforseta var á fimm daga ferðalagi um Vestfirði í síðustu viku ásamt þremur félögum sínum. Er þeir félagar komu til landsins, óskuðu þeir eftir því að fá að vera í friði fyrir fjölmiðlum og öðrum ágangi og hefur ferðalag þeirra því farið mjög leynt. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, komu þeir félagar við í Hótel Flókalundi í Vatnsfirði þar sem þeir fengu sér að borða. Þar fengu þeir einnig leigða kajaka og héldu síðan á vit ævintýra í Jökulfjörðum og um Ísafjarðardjúp. „Þeir sigldu um Jökul-

firði og síðan sem leið lá inn að Sandeyri í Ísafjarðardjúpi. Þaðan sigldu þeir yfir í Seyðisfjörð og gistu í kofa við Fofafót,” sagði Konráð Eggertsson, skipstjóri, sem aðstoðaði þá félagar við ferðina um norðanverða Vestfirði. Tveir starfsmenn BB hittu þá félagar við Kambsnes, milli Seyðisfjarðar og Álfafjarðar, um hádegisbil á sunnudag og sigldu með þeim til Súðavíkur. Við komuna þangað fengu þeir aðstoðu í bifreið blaðsins til að skipta um fatnað og þökkuðu síðan fyrir sig með því að færa starfsmönnum kajakgalla að gjöf. Er þeir voru kvaddir

héldu félagarnir áleiðis til Ísafjarðar að heimili Konráðs Eggertssonar. „Þeir komu heim til okkar hjóna og borðuðu rabbabara-graut og skyr og líkaði bara vel. John F. Kennedy er fyrsti maður sem ég hef séð borða rabbabara-graut og skyr með rjóma saman. Eg prófaði þetta síðan í dag (mánudag) og ég get sagt þér að þetta er fyrirtaks matur. Ég á örugglega eftir að borða þetta saman héreftr. Það var fólk í mat hér áðan og það prófaði þetta og líkaði vel. Þetta voru alveg einstaklega eðlilegir menn, kurteisir og viðkunnalegir,” sagði Kon-

ráð. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, mun John F. Kennedy hafa komið við í versluninni Gullauga á Ísafirði, þar sem hann festi kaup á gullhring með íslenskum steini handa eiginkonu sinni, Caroline Bessette-Kennedy. Frá Ísafirði héldu þeir félagar til Reykjavíkur og þaðan til heimkynna sinna í Bandaríkjunum.



Félagarnir fjórir leggja í hann við Kambsnesið á sunnudag.



John F. Kennedy ásamt félögum sínum í fjörinni við Súðavík. John er fyrir miðri mynd í gulum og bláum galla.



Konráð Eggertsson ásamt John F. Kennedy og félögum hans á heimili sínu á sunnudag.

**PIZZA 67** **Pantanasíminn er 456 3367** **PIZZA 67**

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
 HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☑ 456 4547

**Fasteignaviðskipti**

*Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.*

**Einbýlishús / raðhús**

**Bakkavegur 25:** 154 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 8.700.000,-

**Dalbraut 13:** 120,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

**Hafraholt 14:** 144,4 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-

**Heiðarbraut 6:** 133,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-

**Hlíðarvegur 26a:** 120 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-

**Hlíðarvegur 38:** 183,2 m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-

**Hlíðarvegur 43:** 186 m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 9.800.000,-

**Hlíðarvegur 48:** 146,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur pöllum, mjög falllegt útsýni. Verð: 6.500.000,-

**Lyngholt 8:** 169,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Sér hundar-

**Urðarvegur 45:** 131,2 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 7.500.000,-

garður. Tilboð óskast.

**Mjallargata 8:** 117,8 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Laust strax. Verð: 7.400.000,-

**Seljalandsvegur 48:** 188 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 12.700.000,-

**Stakkanes 4:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti möguleg á Eyrinni. Verð: 9.900.000,-

**Stakkanes 6:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-

**Tangagata 6a:** 99,7 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Húsið er laust strax. Verð: 6.800.000,-

**Urðarvegur 26:** 236,9 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-

**Urðarvegur 58:** 209 m<sup>2</sup> raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Góð kjör. Verð: 12.500.000,-

**4-6 herbergja íbúðir**

**Engjavegur 21:** 132,2 m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-

**Engjavegur 31:** 92,1 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi.

leg. Verð: 7.900.000,-

**Tangagata 20:** 70 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-

**Túngata 12:** 98,9 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á efri hæð í þrjúbýlishúsi. Mikil uppgerð. Verð: 6.700.000,-

**Túngata 21:** 77,8 m<sup>2</sup> 4ra herbergja risibúð í þrjúbýlishúsi. Verð: 5.600.000,-

**Urðarvegur 25 - Hraunprýði:** 155 m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á 2 hæðum að hluta í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. Skipti á ódýrari eign möguleg. Tilboð óskast.

**3ja herbergja íbúðir**

**Fjarðarstræti 13:** 80 m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð: 5.700.000,-

**Pólgata 6:** 55 m<sup>2</sup> risibúð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikil endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-

**Seljalandsvegur 67:** 107 m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-

**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-

**Stórholt 7:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Skipti á eign

í Hnífsdal. Verð: 4.900.000,-

**Stórholt 9:** 74,6 m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-

**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-

**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-

**Stórholt 11:** 72,6 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-

**Túngata 3:** 53 m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í norðurenda. Verð: 4.500.000,-

**Urðarvegur 80:** 82 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 6.500.000,-

**2ja herbergja íbúðir**

**Grundargata 2:** 50,5 m<sup>2</sup> íbúð á fyrstu hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð: 3.800.000,-

**Hlíf II:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í íbúðum aldraðra. Verð: 6.100.000,-

**Hlíf II:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 4. hæð í íbúðum aldraðra. Verð: 5.900.000,-

**Sundstræti 24:** 69 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í þrjúbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikil uppgerð. Verð: 4.900.000,-

**Fjarðarstræti 4:** 120 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Skipti á minni eign á Eyrinni. Verð kr. 6.500.000,-

**Aðalstræti 32:** 86 m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í fjórþýlishúsi ásamt sameiginlegum kjallara. Verð: 3.500.000,-

# Gagngert verið að reyna að koma höggi á byggðarlagið

— segir Viðar Helgason, bærstjóri í Vesturbyggð, um fréttáflutning DV

Fréttir DV að undanfögnu um fólksflotta frá Vestfjörðum, hafa vakið mikla athygli hér vestra og eru ekki allir Vestfirðingar á eitt sáttir um hvernig fréttáflutningi blaðsins þar um er háttað, eins og fram kemur í máli bærstjóra Vesturbyggðar og aðstoðarmanns bærstjóra Ísafjarðarbæjar hér á eftir. Mörgum finnst sem DV leggi Vestfirði í einelti hvað þetta varðar, eða eins og einn vestfirskra viðmælenda blaðsins orðaði það:

„Héðan má enginn fara án þess að DV birti frétt um það eða jafnvel viðtal við viðkomandi. Ég hef ekki orðið var við áhuga DV á fólksflutningum frá öðrum landshlutum, t.d. Austfjörðum, og þess vegna hlýtur að hvarfla að manni að einhverjar annarlegar hvatir liggi þarna að baki. Reynir Traustason fréttastjóri DV, er reyndar brottfluttur Vestfirðingur og það skýrir ef til vill þennan áhuga. Hann er kannski að draga upp svona dökka mynd af Vestfjörðum til að við hin sannfærumst um að við eigum að flytja á mölina til hans. Honum hlýtur að leiðast svona félagsskapurinn fyrir sunnan.“

Laugardaginn 9. ágúst var greint frá því í DV að „um 60 manns eru að flytja úr þorpinu í sumar“ og er þarna átt við Patreksfjörð. Þriðjudaginn 12. ágúst birtist svo önnur frétt á baksíðu DV þar sem segir m.a.: „Nú bætist það við að 16 fjölskyldur eru að flytjast brott frá Ísafirði.“

Í seinni fréttinni er ekki vísað til heimilda varðandi brottflutning 16 fjölskyldna frá Ísafirði, en rætt er við alþingismennina Kristinn H. Gunnarsson og Gunnlaug M. Sigmundsson þar sem þeir lýsa áhyggjum sínum vegna „fólksflóttans.“ Kristinn segir ástæðuna vera niðurskurð á þorskafla auk þess sem hagræðingur fylgt hafi sameiningu fyrirtækja fækki störfum í landi umtalsvert. „Þess vegna er ekki um annað að gera fyrir fólk en að flytja suður til að fá vinnu.“ er m.a. haft eftir Kristni. „Það kemur mér á óvart að fólk skuli vera að flytjast brott nú. Fólk sem ég talaði við í sumar virtist vera bjartsýnt en það benti að vísu á að það væri sumar og það gott sumar og þá eru menn bjartsýnir. Einnig hefur verið næg atvinna til þessa,“ segir Gunnlaugur M. Sigmundsson m.a. í DV.

Í frétt DV um Patreksfjörð er rætt við Úlfar B. Thoroddsen,

fyrirverandi sveitarstjóra á Patreksfirði. „Ég var sveitarstjóri hér í 16 ár, frá 1974 til 1990, og tel mig því hafa tekið þátt í og staðið fyrir uppbyggingu hér á Patreksfirði. Síðan eru sett lög um fiskveiðistjórnun sem rústa hér allt og maður horfir á eftir heilu hópnum burt frá byggðarlaginu,“ segir Úlfar. Í DV er einnig rætt við Hugrúna Árnadóttur á Patreksfirði, en hún og maður hennar Stefán Egilsson, gera út bát frá Patreksfirði. „Ég held að breytt fiskveiðistefna á síðustu árum, eða með öðrum orðum kvótakerfið, sé orsök fyrir því að fólk er að flytja héðan í stórum hópum. Við hjónin höfum ákveðið að flytja og ætlum að gera bátinn út frá Ólafsvík en búa í Hafnarfirði,“ segir Hugrún í DV. [Er þá önnur fiskveiðistefna í gildi í Hafnarfirði og Ólafsvík en á Vestfjörðum? Innskot BB.]

## Vítaverð blaðamennska, segir bærstjóri Vesturbyggðar

BB hafði samband við Viðar Helgason, bærstjóra í Vesturbyggð og bar frétt DV um fólksflotta frá Patreksfirði undir hann:

„Ég get staðfest að það er fólk að flytja héðan og líklega hafa um 60 manns flutt eða eru að hugsa um að flytja héðan á árinu. Þá er ég að tala um fólk sem flutti í vetur, eða er að flytja, eða er jafnvel að hugsa um það upphátt. Ég held að það sé ekki rétt að 60 manns séu að flytja eða hafi flutt í sumar. Strax eftir að fréttin birtist í DV, hafði ég samband við Hagstofu Íslands til að fá nákvæmar upplýsingar um hvað margir hefðu tilkynnt brottflutning frá 1. desember s.l. og jafnframt hversu margir hefðu tilkynnt flutning inn á svæðið. Ég hef því miður ekki fengið þessar upplýsingar enn, en ég bað um að þessu yrði hraðað eins og kostur væri.“

Það er auðvitað vítaverð blaðamennska að greina eingöngu frá brottflutningi fólks og láta hjá líða að segja frá þeim sem eru flytja hingað í staðinn. Þetta er eins og að eingöngu yrðu birtar tölur yfir gjöld fyrirtækis en upplýsingum um tekjurnar yrði stungið undir stól. Mér finnst að með fréttáflutningi sem þessum sé gagngert verið að reyna að koma höggi á þetta byggðarlag og Vesturbyggð má ekki við því. Menn eru greinilega farnir

að bregðast við kvótaleyfi og takmörkunum á veiðheimildum með því að gera út á fréttaskotið í Dagblaðinu. Þetta virðist vera nýjasta útgerðin, því miður,“ sagði Viðar.

Hann nefndi sem dæmi um að fólk flyttist ekki eingöngu frá Patreksfirði, að nú væri t.d. von á sex manna fjölskyldu til bæjarins sem væri 10% á móti þeim 60 íbúum sem DV greindi frá. „Inn í frétt DV var fléttáfrásögn af kvótaeiganda sem er að flytja héðan með bát sinn. Mér finnst sjálfsagt að nefna það að mennirnir sem misstu vinnuna á þeim báti hafa nú keypt bát frá Ísafirði og ætla að fara að gera út,“ sagði Viðar. Næg atvinna er á Patreksfirði, að sögn Viðars, og skortur er á vinnuafli. Hann óttast þó afleiðingar sem kunna að verða vegna fækkunar sóknardaga krókabáta á næsta fiskveiðidári og á von á að skerðingin hafi slæm áhrif á búsetuskilyrði í Vesturbyggð sem og á Vestfjörðum almennt.

## DV hefði einnig átt að kanna hversu margir eru að flytjast til Ísafjarðar

„Það getur vel verið að sextán fjölskyldur séu að flytja héðan en það eru einnig margir sem eru að flytja hingað, þannig að fjölskyldi er sjálf-sagt um það bil hinn sami eftir sem áður,“ sagði Þórunn Gestsdóttir, aðstoðarmaður bærstjóra Ísafjarðarbæjar, aðspurð um hvort frétt DV um fólks-



Frá Patreksfirði.

flotta frá Ísafirði væri rétt.

„Höfum við nokkuð fengið staðfest að þessar sextán fjölskyldur sem DV greinir frá, séu raunverulega að fara? Það held ég ekki og ekki var vísað til neinna heimilda þar um í blaðinu. Mér finnst að viðkomandi blaðamaður hjá DV hefði átt að kanna hversu margir eru að flytjast til Ísafjarðar. Þá væri forvitnilegt að vita hversu margir hafa flutt frá Reykjavík frá 1. desember 1996.“

Staðreyndin er sú að nú til dags á sér stað mikil tilfærsla fólks milli landshluta og byggðarlaga og það á ekki

eingöngu við um Vestfirði, eins og gefur auga leið. Reyndar er nú sá árstími þegar mikið er um að fólk færi sig um set. Fjölskyldur eru að fara vegna þess að börnin eru að fara í skóla og það sama á við um margt ungt fólk sem t.d. hyggur á háskólanám eða annað. Þetta gerist á hverju hausti eins og eðlilegt er, en hingað er að koma nýtt fólk í staðinn. Þetta er streymi sem hefur viðgengist hér til margra ára,“ sagði Þórunn sem vildi hvetja DV til að láta af neikvæðum og einhæfum fólksflottafréttáflutningi frá Vestfjörðum og skrifa stöku

sinnnum um þá sem pakka niður í ferðatöskur og koma vestur.

Aðspurð um atvinnuástand í Ísafjarðarbæ sagði hún að vinnuafli vantaði á Þingeyri, næg atvinna væri á Flateyri og á Suðureyri hefði verið mjög mikil vinna í sumar. Á Ísafirði væru um tuttugu manns á atvinnuleysisskrá sem teldist ekki eðlilegt miðað við fólksfjölda þar í bæ. Skortur er á leiguhúsnæði á Ísafirði og á Suðureyri eru íbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar sem lengi hafa staðið auðar, nú allar í leigu, að sögn Þórunnar.

## Ísafjarðardjúp

# Bílvelta á Kambsnesi

Á sunnudagskvöldið valt Nissan Pathfinder jeppi á Kambsnesi, sem er nesið milli Seyðisfjarðar og Álftarfjarðar. Ökumaðurinn var á leiðinni til Ísafjarðar og missti stjórn á jeppanum í lausamöli í krappri beygju sem þarna er, en nýlega hafði verið lagt nýtt slitlag á veginn. Ökumaðurinn slapp ómeiddur frá veltunni, en jeppinn er talinn ónýtur.



Frá slysstað á Kambsnesi.

Á Café Castro hitti ég fyrir tvo unga menn úr hópi þeirra sem verið hafa virkastir í Vinstrimannafélagi FVÍ þau tvö ár sem það hefur starfað og enn eru í skólanum, þá Bjarna Þór Valdimarsson og Eirík Örn Norðdahl. Þeir taka gestinum ekki með neinum byltingarbrag heldur biðjast velvirðingar á öllu draslinu hjá sér að hætti góðra húsmæðra af gamla skólanum og skipta um dúk á borðinu. Dúkarnir eru rauðir eins og blóðið og byltingin og rörin.

VFFVÍ er ungt félag, stofnað haustið 1995. Það er hluti af félagskerfi nemenda í FVÍ en hið eina sem telst vera pólitískt. Hliðstæð félög eða klúbbar eru starfandi í mörgum íslenskum framhaldsskólum – „nema kannski helst í Versló!“ segja þeir félagar. Samkvæmt úruggum heimildum eru fremur fáir vinstri menn í Verzlunarskóla Íslands. Og það er víst ekkert nýtt: „Mamma segist hafa verið nánast eina vinstriinnnaða manneskjan í Versló á sínum tíma“, segir Eirík Örn.

## TypoHa BOCTb

Vinstrimannafélagið gefur út „snepl“ eins og Eiríkur orðar það. Málagníð heitir TypoHa BOCTb (Túrbótíðindi). Það hefur komið út þrisvar frá upphafi og stækkað um tvær síður í hvert skipti. „Það sést á blöðunum hvernig þau eru misjafnlega unnin“, segja þeir félagar. „Fyrsta og þriðja blaðið voru unnin í tölvu, en annað blaðið var bara klippt og límt saman og ljósritað.“ Þeir búast við því að blaðið verði í vetur minnkað aftur í upphaflega stærð (fjórar síður) en í staðinn komi það oftar út. Það er þó ekkert ákveðið enn. Jafnframt verður kynningarstarf félagsins eftt með opnun heimasíðu á netinu, sem er að komast í gagnið þessa dagana.

Í TypoHa BOCTb kennir ýmissa grasa. Þar má finna gagnrýni á félagslífið í skólanum, frumsamin og þýdd ljóð, harkalegan pólitískan áróður og skot á helstu óvinina í stétta-baráttunni, svo sem Hannes Hólmstein og Hayek, kolkraðann og sægreifana, fasismann og Fujimori, McDonald's og Bandaríkin, og sitthvað fleira. Í 2. tölublaði er birt ljóðið fræga, Síðasta blómið eftir James Thurber, sem út kom hér á landi fyrir mörgum áratugum (í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar ef undirritaður man rétt) með myndskreytingum höfundarins á hverri síðu.

Í eins konar leiðara í 2. tölublaði TypoHa BOCTb segir m.a. um VFFVÍ: „Það skal tekið skýrt fram, að Vinstrimannafélagið er ekki flokksbundið. Allir eru velkomnir, hvort sem það eru sjálfstæðismenn eða allaballar. Allir mega ganga í Vinstrimannafélagið samkvæmt lögum nemendafélagsins, en það er þó aðallega hugsað sem umræðuvettvangur fyrir vinstriinnna.“

Þrátt fyrir framangreinda yfirlýsingu um að allir séu velkomnir í félagsskapinn, jafnt sjálfstæðismenn sem allaballar, finnst gestinum að bæði Café Castro og málagníð séu nokkuð rauðleit að sjá. Þeir Bjarna Þór og Eiríkur viðurkenna fúslega að myndskreytingarnar á veggjunum séu ef

til vill dálítið villandi: „Það er líklega vegna þess að virkustu félagarnir eru rauðastir!“

## Allt frá Marx-Lenínistum yfir í venjulega krata

Eiríkur: „Tilgangurinn með stofnun félagsins var fyrst og fremst að koma af stað pólitískri umræðu innan skólans, en ekki bara að koma okkar pólitísku skoðunum á framfæri.“

Bjarni: „Pólitíska litrófið innan félagsins er mjög breitt. Hér eru alls ekki bara harðlínukommúnistar, heldur allt frá Marx-Lenínistum og yfir í venjulega sósíaldemókrata, ofurvenjulega krata.“

Og þeir taka fram að kaffistofan sé vissulega opin öllum nemendum sem vilja, hvort sem þeir eru í félaginu eða ekki.

Vinstri blærinn leynir sér þó ekki, eins og fyrr segir, og ég spyr þá Eirík og Bjarna hvort ekki sé neitt erfitt að halda uppi pólitískri umræðu innan skólans með aðeins eitt pólitískt félag starfandi. Væri ekki betra að hafa líka sérstakt hægimannafélag à la Hannes Hólmsteinn til mótvægis? Það væri t.d. erfitt að halda uppi Íslandsmóti í fótbolta ef KR væri eina knattspyrnufélagið á landinu...

Þeir svara því til, að breiddin innan félagsins sé vissulega nægileg til þess að hægt sé að halda uppi skoðanaskiptum. „Þó að ekki séu starfandi önnur pólitísk félög í skólanum, þá er innan þess fólk með ólíkar skoðanir. Hingað koma líka hægri menn og aðrir sem eru alls ekki sammála okkur eða baráttumálum okkar. Við ræðum málin og stundum hefur verið rifist virkilega harkalega hér inni“, segja þeir.

(Sú hlálega hugsun læðist að undirrituðum, þó að hann láti ekki á neinu bera, að stærð húsnæðisins leyfi naumast að hægt sé að skipta um skoðun þar inni, ef margir eru á fundi).

– Er pólitíkin hjá ykkur öll á alvarlegu nótonum? Ætla mætti af málagninu ykkar að sumir af höfundunum séu kannski fremur að storka og hneyksla og reyna að ganga fram af siðprúðum góðborgurum...

## Sumir liggja í fræðunum...

„Það er mjög misjafnt eftir einstaklingum. Félagsmenn taka þetta misjafnlega alvarlega. Við erum vissulega ung og fíflumst líka, gerum grín að sjálfum okkur og öðrum, hlæjum og skemmtum okkur. Alvarleg pólitísk umræða um réttlætið í heiminum og skiptingu lífsgæðanna kemur dálítið í tímabilum. Þá erum við með leshringi og fáum spólur um einhver pólitísk málefni. En þetta er mjög misjafnt eftir því hverjir eiga í hlut. Sumir félagarnir liggja í fræðunum en aðrir eru alveg lígeglad með þetta.“

– Hvað er félagið stórt? Er mikið af stelpum?

„Mest höfum við líklega verið um 25 talsins í félaginu og þar af sex-sjö stelpur.“

Þegar ég spyr hvort Vinstrimannafélagið hafi einhver tengsl við Funklistann, kemur

fram að um lítilsháttar óbein tengsl hafi verið að ræða og einn eða tveir áttu sæti á listanum. „Einn úr okkar hópi, Hálfán Bjarki Hálfánsson, var einmitt formaður Félags ungra funkara. Ég er félagsmaður þar líka og einn í viðbót“, segir Eiríkur.

„Ég held að þar hafi nú ekki verið margir langt til vinstri“, segir Bjarni.

– Finnst ykkur þið hafa mikinn hljómgrunn meðal nemenda í Framhaldsskólanum? Er pólitískur áhugi almennur? Hafa nemendur mikla þekkingu á stjórnmálum og stjórnmálastefnum?

Bjarni: „Það er víst allur gangur á því. Einhverjir halda að við séum nasistar.“

Eiríkur: „Já, það er satt að slíkt hefur komið upp. Ég veit nú ekki alveg hvernig á því stendur. Þeir sem halda slíkt eru þó væntanlega ekki mjög vel að sér. Ég frétti af dreng sem hélt að ég væri nasisti. Líka verðum við dálítið varir við háðsglósur frá fólki sem hefur annars engar skoðanir eða röksemdir fram að færa.“

## Það er svo auðvelt að vera alveg sama

Bjarni: „Við fáum stundum kaldhæðnislegar athugasemdir, eins og að við séum litlir strákar í byltingarleik og fleira af þannig hómor. Við tölum þá bara í staðinn um litlar brúður í peningaleik. Það eru vissulega ekki nærri allir sem leiða hugann nokkurn tímann að heimsmálum eða réttlætinu í heiminum. Það eru margir sem hafa meiri áhuga á því að eyða kaupinu sínu í það að fara á fyllirí, skreppa á ball eða fara í einhverja tiltekna búð og kaupa sér fót fyrir alla peningana sína. Þegar fólk hefur það skítsæmilegt sjálft, þá er eins og það skipti engu máli hvernig aðrir hafa það.“

Eiríkur: „Það er svo auðvelt að vera alveg sama.“

Bjarni: „Það er eins og fólk finnst það ekkert mál að horfa á hörmungar og hungursneyð í fjarlægum löndum, eins og t.d. í Afríku eða Norður-Kóreu. Fólk slekkur bara á sjónvarpinu. Öðru máli gegnir ef þetta er nær þér eða jafnvel bitnar á sjálfum þér. Þú hefur það gott, en svo kemur kreppa og þú ferð að hafa það verra sjálfur. Þá ferðu kannski að hugsa málið og komast að þeirri niðurstöðu að kapítalisminn og hið frjálsa markaðskerfi er ekki endilega það eina sanna.“

Eiríkur: „Við viljum reyna að opna augu almennings fyrir því að fólkíð í Afríku og allir þeir sem bágstaddir eru, hvar sem er í heiminum, skipta líka máli.“

– Hvað finnst kennurunum um ykkar starf?

Eiríkur: „Ég held að þeir hafi nú misjafnt álit á Vinstrimannafélaginu. Að vísu hefur enginn sagt það beint framan í okkur enþá að við séum fávitar! Við vitum kannski ekki mikið hvað kennararnir ræða sín í milli, en það eru að minnsta kosti einhverjir sem gagnrýna okkur. Það eru kannski ekki margir sem halda uppi vörnum fyrir okkur.“

– Nú virðast a.m.k. sumir félagsmenn í Vinstrimanna-



Eirík Örn Norðdahl.

# Café C

## — minnsta kaf

félaginu vera mjög langt til vinstri, þar á meðal þið tveir. Mér leyfist væntanlega að segja að þið séuð hreinir kommúnistar. Á liðnum áratugum hafa hérlandis verið starfandi ýmsir litlir klúbbar eða klíkur af því tagi, en gengið illa að ná saman og jafnvel komið bölvanalega saman og enst fremur illa. Eruð þið í tengslum við einhverja slíka hópa?

Eiríkur: „Við erum í tengslum við fólk fyrir sunnan, einstaklinga, en ekki félög eða hópa.“

Bjarni: „Núna erum við að koma á tengslum við Young Communist League, sem eru alþjóðleg samtök. Við viljum meina að sálarástandið yst til vinstri sé annað núna en það var fyrir tuttugu árum eða svo. Vinstri menn eru ekki eins tvístraðir í einangraða hópa og áður og ekki eins mikill ágrein-

Í kjallara heimavistarhúss Framhaldsskóla Vestfjarða (Gylfaginningu) leynast ýmsar vistarverur. Þar á meðal er líklega eitt minnsta kaffihús í veröldinni og heitir Café Castro. En væntanlega gildir um kaffihús eins og fleira sem óparfi er að tilgreina nánar: Það er ekki stærðin sem skiptir öllu máli, heldur hvernig það er notað.

Þetta örsmáa kaffihús er jafnframt bækistöð og fundasalur og ritstjórnarskrifstofa Vinstrimannafélags Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði (skammstafað VFFVÍ). Þarna inni eru kaffimaskína og tölva, eitt sófaborð til að sitja í kringum, þrjár svefnsofar og eitthvað fleira til að sitja á, en lítið annað. Nema ríkulegar myndskreytingar á veggjum. Þar getur meðal annars að líta merkismenn eins og Lenín, Ernesto „Ché“ Guevara, Davíð Oddsson og Carlos/Sjakalann. Ólíklegt virðist að ekki mætti líka einhvers staðar finna

ingur og var t.d. milli Marx-Lenínista og Trotskísta.“

Eiríkur: „Við erum ekki í neinni skilgreiningarkreppu eins og margir 68-kommarnir voru.“

## Lítum ekki á Sovétríkin sem fyrirmynd

– Hvernig er að vera kommúnisti eftir fall Sovétríkjanna og austurblokkarinnar? Andstæðingar kommúnismans fagna því falli bæði hátt og í hljóði...

Eiríkur: „Við fögnum því líka! Við lítum alls ekki á Sovétríkin og austurblokkina sem neina fyrirmynd fyrir heiminn.“

Bjarni: „En hafi ástandið verið hörmulegt í Sovétríkjunum fyrir hrundið, þá er það núna orðið ennþá verra. Nú er verið

að einkavæða á fullu og gömlu ríkisfyrirtækin fara beint í mafiuna. Gömlu ráðamennirnir sem áður sigldu undir fölsku flaggi og þóttust vera kommúnistar hafa nú sýnt sitt rétta andlit. Þetta eru öfgamenn til hægri.“


Eiríkur: „Sömu mennirnir og áður réðu í kerfinu eru núna orðnir stórkapítalistar og einkaeigendur ríkisfyrirtækjanna.“

– Margir sanntíuðir kommúnistar hafa haldið því fram, að það sem átti sér stað í Sovétríkjunum hafi verið svik við hugsjónir kommúnismans um réttlæti og bræðralag og hrein skrumskæling á þeim. Þess vegna sé ekki hægt að dæma kommúnismann sem hugsjón út frá því...

Eiríkur: „Það er einmitt málið. Þeir sem stjórnðu Sovétríkjunum voru ekki neindir kommúnistar.“

mynd af sjálfum Karli Marx, ef vel væri leitað. Á einum stað er alþjóðleg táknmynd sem sýnir siðmenntaða mannveru henda rusli í ruslafötu. Í þessu tilviki er ruslið hakakross – vel að merkja hakakross nasismans en ekki Eimskipafélags Íslands. Munurinn á þeim er sá, hvernig armarnir snúa.

Í Café Castro eru innanálíggjandi röralagnir uppi undir lofti eins og títt má sjá í kjöllurum. Einangrunin á þeim er rauð eins og blóð og bylting. Á plakati er tilvitnun í fræðin og endar á hinum alþekktu lokaorðum Kommúnistaávarpsins: Öreigar allra landa, sameinist! Á vegg hanga voldugir keðjubútar. Ef til vill eru þeir tilvísun í boðskapinn fræga: „Lofum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltingu. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna.“



# Castro

## Í fjárhúsi í heimi?

Bjarni: „Þar var bara ríkiskapítalism.“

Eiríkur: „Munurinn var bara sá, að í stað þess að þú hafðir betri stöðu ef þú hafðir meiri peninga eins og í kapítálskum ríkjum, þá hafðir þú betri stöðu eftir því hversu vel þú varst innundir í kerfinu eða hvar þú varst staddur í flokknum í Sovétríkjunum. Þetta var bara eitt stórt ríkisbákn sem boðaði ekki neitt réttlæti. Það voru morðingjahundar sem stjórnðu þessu, menn sem sviku hugsjónirnar alveg gjörsamlega.“

Bjarni: „Þetta gildir líka um svokölluð kommúnistaríki sem enn eru við lýði, eins og Norður-Kóreu, Kína og Víetnam. Ef við leitum að dæmi sem hefur komist eitthvað nálægt því að ganga upp, þá lítum við helst til Kúbu. Við viljum samt ekki fullyrða of mikið um það fyrr en við höfum kynnt okkur

það betur. Við höfum t.d. aldrei komið þangað.“

Eiríkur: „En það lítur út fyrir að vera að minnsta kosti skást. Þar er samt ekki stéttlaust samfélag. Það er heldur ekki við því að búast að auðvelt sé að skapa stéttlaust samfélag á nokkrum áratugum á einangraðri eyju í Mið-Ameríku...“

Bjarni: „Hundrað og fimmtíu kílómetra sunnan við Flórída.“

### Öreigarnir munu sameinast og gera uppreisn

– Hafði þið í raun og veru trú á því að skoðanir ykkar og hugsjónir muni nokkurn tímann verða ráðandi í heiminum?

Eiríkur: „Á endanum býst ég við að öreigarnir muni sameinast og gera uppreisn, hvort sem það verður eftir hundrað ár eða þrjú hundruð ár. Ég trúi

því að minnsta kosti að fólkið muni gera sér grein fyrir óréttlætinu í heiminum, arðránínu og misskiptingu auðsins. Þetta verður að gerast á mjög löngum tíma og það verður að gerast með almennri þátttöku hins vestræna heims. Ef þjóðirnar þar sem peningarnir eru taka ekki þátt í þessu, þá verður dreifing fjármagnsins aldrei nægileg. Það þýðir lítið að vera með kommúnisma bara á einhverjum afmörkuðum svæðum þar sem ekki eru til neinir peningar.“

Bjarni: „Peningarnir leita einfaldlega þangað sem eru betri skattaskilyrði og verri verkalýðslöggjöf.“

– Meðal röksemdanna gegn ýmsum falletum hugsjónum eins og kommúnisma er sú að einmitt manneskjan sjálf og eðli hennar standi í veginum fyrir því að þetta geti nokkurn

tímann gengið upp. Þetta lítur svo sem allt nógu vel út á pappírnum, en það virðist ekki fráleitt að mannskepnan sé einfaldlega ekki alveg nógu góð og ekki alveg nógu fullkomin til að meðtaka og tileinka sér svona góðar og fullkomnar hugsjónir. Er ekki undirstaðan í mannlegu eðli einmitt eiginleikar eins og græðgi í völd og peninga, frekja, öfund, hefngirni, undirferli, sviksemi, ofbeldishneigð gagnvart minni máttar og skriðdýrsháttur gagnvart þeim sem meira mega sín, svo fátt eitt sé nefnt? Þetta virðist blasa við, hvort sem maður horfir til mannkynssögunnar eða lítur í kringum sig í daglegu lífi. Þarf ekki að byrja á því að gjörbreyta mannskepnu og eðli hennar áður en hægt er að koma á hinu fullkomna, réttláta og stéttlausa samfélagi?

Bjarni: „Kapítálistinn þrífst á græðgi. Drifkraftur hans er græðgi. En við lítum á græðgi sem félagslegan sjúkdóm.“

Eiríkur: „Ég lít á það sem einn stærsta kost mannkynsins að hafa þann eiginleika að geta bætt sjálft sig, að hafa hæfileikann til að geta komist frá því sem gerir okkur vond. Við ættum að geta komist frá hefndarsýkinni og við ættum að geta komist frá græðginni. Við ættum að geta þroskast frá löstum. En þar erum við ekki að tala um daginn á morgun, við erum að tala um kannski hundrað ár eða jafnvel miklu lengri tíma.“

Bjarni: „Það eru til samfélög þar sem hugtakið *hatur* er ekki til í orðaforðanum. Ekki heldur hugtakið *afbrýðisemi*. Þetta er allt skilyrðing. Þetta eru eiginleikar sem eru lærdir en ekki meðfæddir.“

### „Eðlilegt“ að kúga konur?

– Ef sú kenning er rétt að þetta sé ekki eðlislægt, heldur félagslegur sjúkdómur eða eitthvað sem lærist, eitthvað sem kemur með uppeldinu og á rætur í samfélaginu, þá ætti a.m.k. fræðilega séð að vera hægt að lækna slíkt eða breyta uppeldinu. En haldið þið að slíkt sé yfirleitt raunhæft? Teljið þið að það sé yfirleitt hægt að gera slíkar breytingar á öllu mannkyni? Er það nokkur vinnandi vegur að breyta hugarfari alls mannkyns? Það virðist ganga nógu illa að sinna frumþörfum mikils hluta heimsbyggðarinnar, þó ekki sé nema þörfinni fyrir daglegt brauð, að ekki sé minnst á aðra hluti eins og sjúkrahjálpar eða menntun. Indverjum fylgjar t.d. á hverjum degi sem nemur allri íslensku þjóðinni...“

Bjarni: „Var ekki áður litið á það sem „eðlilegan“ hlut að kúga konur? Á því sviði sjáum við mikla hugarfarsbreytingu víða um heim á síðustu árum, þó að í mörgum löndum sé enn langt í land. Úr því að hægt er að breyta þessu, er þá ekki fleira í hugarfarinu sem hægt er að breyta með tímanum?“

Eiríkur: „Það er í rauninni bara búið að hægja á þeirri þróun sem Marx spáði. Þetta verður mjög hæg þróun, sem byrjar á falli kapítálistans. Smám saman mun fólk gera sér grein fyrir því hvað græðgin er að gera okkur, þetta eilífa

lífsgeðakapphlaup, að þurfa alltaf að eignast fleiri og stærri og fallett hluti og græða meiri peninga. Þetta leiðir ekki til annars en að sífellt stærri hluti heimsbyggðarinnar býr við sífellt meiri fátækt og neyð. Ég held að fólk vilji þetta ekki í raun, þegar það gerir sér grein fyrir því. Og sá tími mun koma, að fólk gerir sér grein fyrir þessu. En þetta gerist ekki í einni svipan, að allur heimurinn rísi upp.“

Bjarni: „Núverandi ástand gengur ekki upp. Kapítálistinn er ekkert framtíðarskipulag. Hann er stefna sem liggur beina leið til fjandans. Ef við lítum á tölur um skiptingu auðsins í heiminum, þá segja þær allt sem segja þarf. Örfá prósent af mannkyni ráða yfir níutíu prósentum auðsins.“

### Lýðræðið og upplýsingin vinna gegn lýðskrumurum

– Þið sögðuð, alveg réttilega að mínum dómi, að það sem átti sér stað í Sovétríkjunum og víðar hefði verið hrein svik við hugsjónir kommúnismans. Ef lítið er á þær tilraunir sem hingað til hafa verið gerðar á grundvelli kenninga Marx í þá veru að koma á kommúnisma, koma á þjóðfélögum hins fullkomna réttlætis þar sem allir eiga allt í sameiningu og ráða öllu í sameiningu, allar götur frá októberbyltingunni í Rússlandi fyrir áttatíu árum, þá virðist alltaf eins og áður en varir komist einhverjir lýðskrumarar og fjöldamorðingjar til alræðisvalda. Ekkert síður en undir stjórnkerfi fasismans eins og gerðist á sínum tíma í Þýskalandi, á Ítalíu og á Spáni og er í mörgum ríkjum heimsins í dag. Það virðist ekki ýkja mikill munur á ýmsum einræðisríkjum í Suður-Ameríku og Afríku, sem kenna sig þó ýmist við sósíalisma og jafnrétti eða við hina hörðustu andstöðu við kommúnisma. Lýðskrumarar komast til valda í „lýðræðislegum“ kosningum og hrífsa síðan til sín öll völd yfir fólkinu, skoðunum þess og eignum. Fólkið virðist alltaf trú á að núna sé einmitt kominn leiðtogi sem muni bjarga öllu og koma öllu í lag, hinn góði, réttláti og vitri leiðtogi. En það virðist hins vegar eitthvað minna um að menn haldi áfram að vera góðir og réttlátir eftir að þeir eru búnir að fá öll völd í hendurnar, sama hvert stjórnkerfið er...“

Bjarni: „Nú eru allt aðrir tímar að fara í hönd. Fólk er að verða miklu betur upplýst. Lestrarkunnátta er orðin almennari. Eftir því sem upplýsingin verður betri og almennari, þeim mun erfiðara er fyrir menn af þessu tagi að ná árangri. Þá verður lýðræðið virkara og jafnframt dregur úr foringjahollustunni. Í beinu lýðræði verður sífellt erfiðara fyrir lýðskrumara að komast til valda.“

Eiríkur: „Það var ekkert mál fyrir Stalín fyrir sextíu árum að fela fyrir almenningi það sem gerðist í Gúlaginu.“

Bjarni: „Þetta getur líka gerst á hinn veginn: Ef þú átt nógu mikla peninga, þá geturðu stjórnað því hvaða upplýsingar fólkið fær. Það gerist einmitt núna í Bandaríkjunum, svo að dæmi sé tekið. Það er tilgangs-

laust að fara út í kosningarbaráttu í Bandaríkjunum með hugsjónirnar einar að vopni. Þú verður að hafa stórfyrirtækin á bak við þig.“

– Það virðist nú jafnvel líka þurfa töluverða peninga á bak við sig til þess að berjast fyrir valdalausum embætti í tiltölulega lýðræðislegu smáríki eins og embætti forseta Íslands...“

Eiríkur: „Stundum er fólk tilbúið að selja sjálft sig og hugsjónir sínar þeim sem henda í það nógu miklu af peningum.“

Bjarni: „Það er tómt mál að tala um „lýðræði“ í því samhengi. Ísland er reyndar lítið samfélag og kannski ekki heppilegasta dæmið um sérlega vont lýðræði. Tökum frekar lönd eins og Bandaríkin. Þar er ekkert lýðræði. Níutíu prósent þingmanna þar eru milljónerar. Þeir eru ekki að hugsa um hagsmuni lítilmagnans, heldur sína eigin og hagsmuni stórfyrirtækjanna.“

### Fujimori og fjölmiðlarnir

– Ég sé í blaðinu ykkar að þið hafið fylgst vel með gíslatökumálinu í japanska sendiráðinu í Lima í Perú í vetur...“

Eiríkur: „Þegar það mál kom upp, þá vorum við eindregið á bandi Tupac Amaru samtakanna, sem við töldum alls ekki fá sanngjarna útreið í fjölmiðlum. Við lásum ekki bara Moggann, heldur lágum við á Internetinu og kynntum okkur allar mögulegar fréttir, allt frá CNN og yfir til heimasíðu Tupac Amaru.“

Bjarni: „Á þeim tíma var Fujimori forseti óskaplega góður kall í öllum helstu fjölmiðlum heimsins og líka herna heima. Nú sjá allir hans rétta andlit. Hann afnam stjórnarskrána og leysti upp þingið. Pólítískir andstæðingar hans voru hnepttir í fangelsi án dóms og laga og pyndaðir þar til dauða, ef þeir hurfu ekki einfaldlega sporlaust. Þessi maður var hetja og óskabarn hins vestræna heims þegar gíslamálið stóð yfir. En allt hitt vissu þeir sem vildu vita. Það þurfti ekki að fara lengra til vinstri en til Amnesty International til að fá sannleikann um Fujimori og starfshætti hans. Við erum mjög ánægðir með starf Amnesty International.“

### Ríkið og kirkjan

– Ekki hugsði þið kommarnir eingöngu á heimsvísu? Látið þið ekki neitt smærri til ykkar taka?

Eiríkur: „Jú, vissulega lítum við einnig til þess sem nær okkur stendur. Eitt þeirra málefna sem fjallað hefur verið um í Vinstrimannafélaginu er aðskilnaður ríkis og kirkju. Það er eitt af því sem hefur verið rifist mikið um innan félagsins, hvort þessi aðskilnaður skuli eiga sér stað og þá með hvaða hætti, hvort ríkið skuli e.t.v. styrkja öll trúfélög eða engin.“

Bjarni: „Við lítum jafnvel að hinum smæstu hlutum og jafnvel af hinu mesta alvöruleysi, ef þannig liggur á okkur. Fyrsta maí hengdum við til dæmis sovéská fánann á fánastöngina á Sjálfstæðisshúsinu í Hafnarstrætinu, bara upp á grín. Hann var tekinn niður eftir að hafa hangið þar í þrjú klukk-



### Eiríkur Örn Norðdahl.

tíma. Við höfum ekki fengið hann aftur. Það gerir ekkert til. Við höfum engan áhuga á því að flagga fyrir Sovétríkjunum! Og svo má nefna að við erum orðnir grænmetisætur...“

### ...óskalandið

### – hvenær kemur þú?

Á einum veggnum í Café Castro er nokkuð stór gluggi, sem þó snýr ekki út, heldur inn í annað smáherbergi við hliðina. Þar blasa við hljómsveitargræjur. Eiríkur og Bjarni segja mér frá því að þetta séu hljóðfæraflokkur alþýðunnar, en hann er skipaður félagsmön-



### Bjarni Þór Valdimarsson.

um í Vinstrimannafélaginu. Kjarninn í hljómsveitinni eru þeir Eiríkur Örn með gítarinn (hann er systursonur Tryggva Hübner), Bjarni Þór á trommunum og söngvarinn Hálfván Bjarki, en bassaleikarar eru ýmsir. Tónlistin eru frumsamið funk og textarnir frumsamdir. Og textarnir hjá hljóðfæraflokkum alþýðunnar í Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði eru líka pólitískir eins og vera ber, þótt kannski sé ekki lengur verið að syngja beinlínis um roðann í austri...

Gestur á Café Castro:  
Hlynur Þór Magnússon.



Harmonieorkester lék fyrir vegfarendur framan við Stjórnsýsluhúsið á mánudaginn.

## Ísafjörður

# Heimsókn frá vinabænum Hróarskeldu

Hópur tónlistarfólks frá Hróarskeldu, vinabæ Ísafjarðar í Danmörku, var í heimsókn á Ísafirði á dögunum og hélt m.a. tónleika í

Ísafjarðarkirkju. Hópurinn, sem kallast Harmonieorkester, samanstendur af fólki á ýmsum aldri sem allt er áhugafólk í tónlistinni. Hljóðfæra-

skipan sveitarinnar er blönduð og er leikið m.a. á ýmsis blásturshljóðfæri og áslátturshljóðfæri. Á mánudaginn lék tónlistarfólkið fyrir vegfarendur

framan við Stjórnsýsluhúsið og var gerður góður rómur að því sem þar var flutt.

## Framsóknarkonur

# Halda þing að Holti í Önundarfirði

Dagana 23. og 24. ágúst nk., heldur Landssamband framsóknarkvenna þing sitt að Holti í Önundarfirði. Heiðursgestur þingsins að þessu sinni er Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Á laugardegnum 23. ágúst milli kl. 13 og 15 verða umræður um sveitarstjórnarmál og er öllum heimilt að koma og fylgjast með þeim. Erindi munu flytja þau, Þórunn Gestsdóttir, aðstoðar-

maður bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Kristinn Hermannsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, Anna Jensdóttir, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð, Bergþóra Annasdóttir, vara-bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, Sigfríður Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, Drífa Sigfúsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Reykjanesbæ, Sív Friðleifsdóttir, alþingismaður og Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

## Vestfirðir

# Einleikurinn - Skilaboð til Dimmu

Anna Sigríður Ólafsdóttir er töfrakona að eigin sögn og er á ferð um norðanverða Vestfirði með einleik eftir Elísabetu Jökulsdóttur sem nefnist „Skilaboð til Dimmu. Verkið er samið út frá einni persónu í leikriti eftir Elísabetu, sem enn hefur ekki komið fyrir almenningssjónir. Anna Sigríður hefur starfað með nokkrum áhuga-leikfélögum, m.a. Leikfélagi Bolungarvíkur og Leikfélagi Ólafsvíkur, auk þess sem hún



Elísabet Jökulsdóttir ásamt Önnu Sigríði Ólafsdóttur í hlutverki Dimmu.

hefur tekið þátt í starfi Lundúnaleikhópsins svokallaða í Reykjavík.

Að sögn Önnu Sigríðar er aðalpersónan og sú eina, Dimma, á mörkum tveggja heima og veltir í leikverkinu

fyrir sér lífshlaupi sínu og á í uppgjöri við sjálfa sig.

Anna Sigríður sýndi einleikinn í heimabæ sínum, Ólafsvík, fyrir skömmu undir leikstjórn Elísabetar og fengu þær stöllur góðar viðtökur áhorfenda. Hún

verður með sýningu í Sjallanum á Ísafirði annað kvöld, á Vagninum á Flateyri á laugar-dagskvöldið kl. 21:00 og á Jóni Bakan í Bolungarvík á sunnudaginn kl. 21.00.



## Metró - Áral á Ísafirði

# Gasgrillið fór til Flateyrar

Í sumar hefur Metró-Áral á Ísafirði staðið fyrir sumarleik sem fólst í því að nöfn kaupenda sláttuvéla og orfa voru sett í pott sem síðan var dregið úr. Dregið var úr pottinum á föstudaginn og var það Sigríður Sigursteinsdóttir frá

Flateyri, sem reyndist vinningshafi í leiknum. Á myndinni sést hún taka við vinningnum, Sunbeam gasgrilli að verðmæti 30 þúsund krónur, frá Alfreð Erlingsssyni hjá Metró-Áral ehf.



# Loðnu landað í Bolungarvík

Loðnuskiptið Ruth, sem er frá Hirtshals í Danmörku, landaði á fimmtudag 1.100 tonnum í loðnuverksmiðjuna Gná í Bolungarvík. Þetta er þriðja skipið sem landar í verksmiðjuna eftir að framleiðsla hófst þar að nýju eftir gagngerar endurbætur. Landaður loðnuafli á landinu er nú um 400 þúsund tonn frá upphafi vertíðar 1. júní og hafa íslensk skip aflað 354 þúsund tonna þar af. Nokkur skip reyndu fyrir sér við miðlínuna milli Íslands og Grænlands í síðustu viku en höfðu flest þeirra ekki árangur sem erfiði. Aðalveiðisvæði loðnuflotans er nú á Kolbeinseyjarsvæðinu.





Þorleifur Pálsson, Móholti 6, Ísafirði var á meðal þeirra sem fengu viðurkenningu frá Ísafjarðarbæ.

## Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

# Veitir viðurkenningar fyrir snyrtilegar lóðir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar veitti á mánudag, fimm aðilum viðurkenningar fyrir snyrtilegar og hugmyndaðar lóðir í bæjarfélaginu. Að þessu sinni komu viðurkenningarnar í hlut eftirtalra aðila.

Sigríður Þórdís Ástvaldsdóttir og Magnús Sigurðsson,

Hlíðargötu 44 á Þingeyri, fengu viðurkenningu fyrir snyrtilega og hugmyndaðar lóð, Sigrún Guðmundsdóttir og Guðmundur Grétar Guðmundsson, bændur á Kirkjubóli í Dýrafirði fengu viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi og það sama fékk Sparisjóður Þingeyr-

inga á Þingeyri. Þá fékk Kristín Alexandersdóttir, Tangagötu 23 á Ísafirði viðurkenningu fyrir skemmtilega úrlausn á lítilli lóð og hjónin Guðlaug Stefánsdóttir og Þorleifur Pálsson, Móholti 6 á Ísafirði fengu viðurkenningu fyrir snyrtilega og hugvitssama lóð.



Erum við á Majorca, eða er okkur að dreyma?

## Costa del Vestfirðir

# Einmuna veðurblíða ríkti samfleytt í fimm daga

Einmuna veðurblíða var á Vestfjörðum um og eftir þar síðustu helgi og mátti sjá hvernig mannlífið tók stakka-skiptum í góða veðrinu. Fólk gekk léttklætt um götur, gæddi sér á ís, grillaði og lá í

sólbaði um allar trissur. Ein-hvern veginn virtist færast óútskýranleg ró og friður yfir Vestfirðinga og allt stress var á bak og burt.

Sól og heiðríkja ríkti samfleytt í fimm daga og eru þeir

án efa bestu dagar sumarsins fram að þessu. Meðfylgjandi myndir voru teknar í 20 stiga hita á Ísafirði á miðvikudaginn og lýsa þær stemmningunni betur en nokkur orð.



„Það er algjör hitapottur hérna uppi,“ sögðu strákarnir. „Heyrðu, verðum við kannski á forsíðu BB?“



Sól, tuttugu stiga hiti og dauðalogn, eins og sjá má á fánanum.

Daginn eftir ringdi eins og helt væri úr fötu. En það var allt í lagi, því áfram var logn og hlýtt.



# SPARAÐU

með áskrift

Frá og með 1. ágúst mun lausasöluverð Bæjarins besta hækka úr 170 krónum í 200 krónum.

Verð í áskrift verður óbreytt eða kr. 170,- ef greitt er með gírosedli og leggst þá við innheimtukostnaður.

Ef greitt er með greiðslukorti kostar blaðið kr. 153,- og elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 128,- fyrir blaðið, sé greitt með greiðslukorti, annars leggst við innheimtukostnaður, eitts og verið hefur.

# Nottveini þakkar áskriftinguna og sparid!



Stærsta orð

456  
4560

Bæjarins besta

## Brestur samfélagið vegna kvótans?

Fréttir bárust af því undir lok síðustu viku að Gunnvör h.f. hefði keypt hlutabréf Togs h.f. í Frosta h.f. í Súðavík. Eins og kunnugt er hefur Tog verið mjög umdeilt hlutafélag í Súðavík. Félagið var stofnað af nokkrum einstaklingum í því skyni að kaupa hlutafé Barkar Ákasonar í Frosta þegar hann seldi og fór. Með þessum hætti tókst hópnum sem kenndur hefur verið við Tog að koma málum svo fyrir að þeir réðu meirihluta hlutafjár í óþökk hreppsnefndar. Um það mál hafa staðið ýmsar deildir í Súðavík. Þeim er nú væntanlega lokið. Togi tókst ekki að greiða skuldabréf vegna kaupanna. Það var ekki fyrir en Landsbanki Íslands setti úrslitakosti að eitthvað fór að gerast. Það gerðist með þeim formerkjum að fjölmiðlar máttu ekki vita af viðskiptunum þrátt fyrir upplýsingalög, eða kannski vegna þeirra.

Á laugardaginn var haldinn fyrsti hluthafafundur í Hraðfrystihúsinu h.f., nýja félaginu. Athygli vekur að sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er einn stjórnarmanna, sem kynni að gera líkur á sameiningu sveitarfélaga við Ísafjarðardjúp minni en ella, eins nauðsynleg og hún er þó. Gunnvör mun eiga um 21% hlutafjár í Hraðfrystihúsinu, einkum vegna kaupa á hluta Togs.

Samtals eiga þessi tvö fyrrnefndu félög 14000 tonna kvóta, sem er með því mesta sem gerist. Gunnvör á fulltrúa í stjórn Hraðfrystihússins, Jón Ólaf Þórðarson lögmann og fyrrum bæjarfulltrúa á Ísafirði. Stjórnarformaður Gunnvarar, Magnús Reynir Guðmundsson segir sameiningu ekki á döfinni að svo stöddu.

Ætlun stjórnenda fyrirtækisins er sú að halda forræði kvóta og fyrirtækja innan héraðs. Þau ummæli stjórnarformannsins vekja ánægju enda nýr stíll í þróuninni.

### Kvótinn gerir fáa ríka og fjöldann reiðan

Í kvótakerfinu koma fram nokkrir þverbrestir. Lög segja fiskinn í sjónum sameign þjóðarinnar. Fyrirheitið er fagurt en ekki er það samkvæmt veruleikanum. Verður vikið nokkrum orðum að þessari fullyrðingu síðar. Svo virðist sem kvótakerfið hafi náð lengst allra þeirra tilrauna sem stjórnvöld hafa gert í því skyni að stýra sókn í sameiginlega auðlind þjóðarinnar, fiskinn í sjónum í 200 mílna efnahagslögsögunni. Því ber að fagna, en jafnframt hefur fiskifræðin ekki vakið traust sjómanna.

Sveigjanleikinn í kvótakerfinu er ekki mikill til veiðistjórnar, ekki einu sinni í smáum mæli. Smábátaútgæð hefur bæði kosti og galla. Á Vestfjörðum hefur hún verið eina leið þeirra sem ekki hafa hlotið kvóta í arf eða gjöf beint eða óbeint til þess að fiska og gera út. Sú leið virðist nú að lokast fyrir tilstilli alþingismanna. Nægir að benda á ótrúlega mikinn afla Suðureyrarbáta að undanförunu. Ekkert svigrúm er fyrir hendi að styrkja atvinnulíf þess pláss frekar en annarra með auknum veiðiheimum smábáta.

Þetta gremst fólki í útgerðarþorpum víða um Vestfirði. Til viðbótar sér það fáa einstaklinga verða moldríka á íslenskan mælikvarða fyrir tilverknað kvótakerfisins.

Hvernig má það vera að sameign þjóðarinnar geti fært örfáum einstaklingum tugi, jafnvel hundruð milljóna króna, í vasann þegar þeir selja „sinn skerf í sameigninni“ og um leið hverfa atvinnutækin, skipin fyrst og fremst, úr fjórðungnum? Sameining fyrirtækja er vænlegur kostur í harðri baráttu Vestfirðinga fyrir tilveru sinni. En þegar það gerist að stór fyrirtæki á Reykjanesi eða Akureyri gleypa þau Vestfirsku setur ugg að mörgum heimamanni. Eigendur Hrnannar hafa fengið sitt með sameiningunni við Samherja. Skipið verður nú leigt Þjóðverjum til veiða. Ekki er örgrannt um að mörgum finnist lítið koma til loforða Samherjanna við þær fréttir. Með framhaldinu verður fylgst ekki sist vegna þess að bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar er stjórnarformaður Samherja.

### Fjárflótti, fólksfótti eða hvoru tveggja

Í Bolungarvík er málum svo komið að stjórnun Bakka er flutt til Grindavíkur en þar eru meirihlutaráð þessa stærsta atvinnufyrirtækis bæjarins. Hvert fara fyrrum eigendur Bakka? Ekkert liggur fyrir um það enda má segja að engum komi það við. En eftir stendur að ekki fjárfesta aðrir hér heima en Gunnvararmenn, sem hafa skýra stefnu eins og að framan er getið. Peningarnir fara því eitthvað annað.

Vinnandi fólki, sem stritað hefur alla ævi, ofbýður hvernig kvótakerfið birtist í næsta nágrenni þess á Vestfjörðum. Menn stofna fyrirtæki af engu, borga ekki neitt og hirða afraksturinn. Aðrir fjárfesta langt umfram getu og verða ríkir. Peningarnir koma ekki inn í efnahagskerfið og eitthvað brestur í samfélagsgerðinni. Óánægja tekur völdin og fólk fer. Það er viðsjárvert ástand.

- Stakkur



**TOPP 10**  
**MYNDBÖND**  
**HIÁ**  
**VÍDEÓHÖLLINI**

1. Fled
2. Daylight
3. Ransom
4. Turbulance
5. Extreme measures
6. Sleepers
7. Bound
8. High school high
9. Preacher's wife
10. Shine

**Lýst er eftir veiðistöngum!** Þorsteinn J. Vilhjálmsson, einn umsjónarmanna Íslands í dag á Stöð 2, kom með Blika til Ísafjarðar frá Aðalvík á miðvikudegi eftir verslunarmannahelgi. Þrjár veiðistangir merktar honum hurfu af flotbryggjunni skömmu eftir komuna. Þeim sem telja sig geta gefið upplýsingar um stanginar er bent á að hafa samband við Þorstein í síma 562 9589.

**Óska eftir hamstrabúri.** Upplýsingar í síma 456 4319, eftir kl. 17.

Til sölu **Toyota Carina '82**, skoðaður '98. Góður bíll á góðu verði. Upplýsingar í síma 456 6258

Til sölu hjónarúm, eldhúsbord, stólar og sófasett. Síðasti sjéns. Upplýsingar í síma 456 5181 eða 456 3598, Margrét.

Til sölu **lyftingasett og þrekhljól**. Upplýsingar í síma 456 6148

Til sölu húseignin **Sætún 6, Suðureyri**. Upplýsingar í síma 456 6148, eftir kl. 16.

**Orlofsnefnd húsmæðra í Ísafjarðararbæ!** Fyrirhugið er ferð til Dublin, 12.-16. október. Þátttaka tilkynnist sem allra fyrst og í síðasta lagi 31. ágúst. Skráning hjá Ástu í s: 456 8199, Sigríði í s: 456 7655, Ástu Björk í s: 456 6163, eða Elínu í s: 456 3593

**Óska eftir** að kaupa vel með farna göngugrind og hoppiról. Upplýsingar í síma 456 3014

**Óska eftir hitavatskút**, helst 150-200 lítra. Upplýsingar í síma 456 8230

Mánaðargamall **Nokia 1610 GSM farsími til sölu**. Nánast ónotaður.

**http: góðar NETINU**

**http://www.alicecooper show.com**  
Á heimasíðu þungarokk-söngvarans Alice Cooper er hægt að fylgjast með fréttum, senda honum póst og margt fleira.

**http://bang.land1.gov/ solarsys**  
Ein af mörgum síðum um sólkerfið, en á henni er hægt að fletta upp upplýsingum um allar reikistjórnur, þekktar halastjórnur, svo fátt eitt sé nefnt

**http://www.webhistory.org/home.html**  
Saga Internetsins er mun lengri en flesta grunar.

Skipti á góðu myndbandstæki koma til greina. Upplýsingar í síma 456 3948 og 853 9748

**Rúlluhey til sölu!** Upplýsingar í síma 456 7326 og 456 7593, Jóhann.

**Til sölu:** rimlarúm á kr. 9000, ísskápur með stórum frysti á kr. 5000 og sjónvarp á kr. 6000. Upplýsingar í síma 456 7714 eða 456 7614

**Reglusamt par** óskar eftir 2-3 herbergja íbúð til leigu á Ísafirði frá og með 1. október. Skilvísium greiðslum

## KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

heitið. Upplýsingar í síma 456 5152, Anna.

**Til sölu línuskautar**, vel með farnir, nr. 32-33. Upplýsingar í síma 456 3381

Til sölu vel með farin **Toyota Tercel '87**. Skoðaður '98. Ekinn 112 þúsund km. Upplýsingar í síma 456 5117 eða 456 3689, Ingibjörg.

Til sölu er svört **Yamaha MR skellinaðra**. Selst á 25-30 þúsund krónur. Þarfnast lítilsháttar lagfæringar. Upplýsingar í síma 456 4942

**Til sölu 486 tölva**, selst ódyrt. Upplýsingar í síma 456 5102

Til sölu er **Urðarvegur 49**, efri hæð, sem er 180m<sup>2</sup>. Verð 10,8 milljónir króna. Upplýsingar í síma 456 4244

Til sölu húseignin að **Móholti 9, Ísafirði**, sem er 5 herbergja einbýlishús. Upplýsingar í síma 456 3629

**Frum-Mynd**  
Sólgata 11 • 400 Ísafirði  
Sími 456 5051

**Tilboð**  
Sambyggð greiða fyrir **Stöð 2 og RÚV** á aðeins **kr 2.999,-**

Ný lína frá **AIWA**  
NSX-530 45.900,- stgr  
NSX-570 65.900,- stgr  
**AIWA** ferðageislasplari XP 260  
11.995,- stgr.

**Gervihnattafréttir**  
Satt fréttir  
TV S  
21/8 Golfmagasín  
22/8 Danska FCK - Brøndby  
23/8 Boxklassik ACI - Norton  
24/8 Hollenska  
Feyenoord - Sparta Rotterdam  
**NRK 1 - TV3 Noregur**  
Í dag Finnland - Noregur  
**TV3 Danmark**  
23/8 Haugersund - Rosenborg  
Í dag Bosnia - Danmörk  
**NRK 2**  
22/8 Boðorðin 12, 3 og 4 hluti í leikstjórn Krzysztof Kieslowski (Hvítur, Rauður, Blár)  
23/8 Metellica Live frá Stuttgart

**Góður bíll!** Til sölu Toyota Touring, árgerð '90, með sóllúgu, dráttarkrök, samlæsingu, rafmagni í rúðum. Upplýsingar í síma 456 7237

**Herbergi til leigu!** á góðum stað í vesturbæ Reykjavíkur á kr. 6000 á mánuði. Möguleiki á lægri leigu gegn barnapóssun. Upplýsingar í síma 456 4419, kl. 13-17, Katý.

**Til sölu heyrúlla**. Selst með eða án heimkeyrslu. Upplýsingar í síma 456 4201

**Til sölu Inno Hit sjónvarp**. Upplýsingar í síma 456 6244

Húsið að **Þurðarbraut 9, í Bolungarvík** er til sölu eða leigu. Selst á 5 milljónir króna. Ahvlandi byggingarsjóður og húsbú. Leiga 35 þúsund krónur á mánuði. Upplýsingar í síma 456 7409

Til sölu er **BMX reiðhjól** fyrir 7-10 ára, og nýlegt skiptiborð sem passar á baðkar. Upplýsingar í síma 456 7494, Rína.

**Neyðartilfelli!** Reglusamannámsmann bráðvartar íbúð til leigu nálægt iðnskolanum í Reykjavík frá 1. september. Upplýsingar í síma 456 4057, Auður.

Til sölu stór **tvískiptur ísskápur** með stórum frysti. Verð: 10 þúsund krónur. Upplýsingar í síma 456 8256, Kristján.

**Til leigu eða sölu** Hjallabyggð 9, á

## Sumaropnum í Vídeóhöllinni

Sunnudaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Mánudaga - föstudaga frá kl. 16:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Laugardaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 24:00

### Verð á myndböndum:

Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)

Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3000 myndir)

Teiknimyndir kr. 100,-

### Tölvuleikir og Nintendo 64 tölva

Þjónusta er okkar mottó!



**Horfur á fimmtudag:** Austlæg og síðar breytileg átt og rigning eða skúrir víðast hvar. Hiti 8 til 14 stig.

**Horfur á föstudag:** Breytileg átt með rigningu eða skúrum víðast hvar. Hiti áfram 8 til 14 stig.

**Horfur á laugardag:** Búist er við norðlægrri átt með vætu á norðanverðu landinu og heldur kólnandi veðri.

**Á sunnudag og mánudag** er búist við norðlægrri átt og rigningu. Hiti 5 til 12 stig.

Suðureyri. Upplýsingar í síma 567 6217 eða 897 6183

**Monza '87 til sölu** til niðurífrs. Mjög góð vél, er á númerum og gangfær. Verðhugmynd: 15-20 þúsund krónur. Upplýsingar í síma 456 6218

**Dekk undir Toyota Tercel** til sölu, eru á felgum, seljast ódyrt. Upplýsingar í síma 456 3436, Gunnlaugur.

**Til leigu íbúð** að Skólavegi 7, Hnífsdal. Upplýsingar í síma 461 3240

**Kveðjuhó!** Í tilefni lokunar leikskólans Hlíðarskjóls, er núverandi og fyrverandi starfsfólki boðið í slútt, laugardaginn 23. ágúst kl. 20. Mætum og kveðjum leikskólann sem starfærður hefur verið í 38 ár. Inga.

**Til sölu eða leigu** 3ja herbergja íbúð að Stórholti 9, Ísafirði. Íbúðin er í góðu standi og laus 1. sept. Upplýsingar í síma 456 4167 eða 456 4585

**Silver Cross barnavagn** til sölu, vel með farinn. Upplýsingar í síma 456 4585

Tveggja herbergja **íbúð til leigu**. Upplýsingar í síma 456 3117 eða 896 5922

**Til sölu:** Max Cosi barnabílstóll á kr. 5000, Chicco barnastóll á kr. 5000, og barnavagn á kr. 10.000. Óska eftir tveimur hjólum og svuntu á gamlan Silver Cross. Upplýsingar í síma 456 5055, Dagrún.

**Íbúð til leigu!** Þriggja herbergja íbúð til leigu á Eyrinni. Laus strax. Upplýsingar í síma 456 4797 eða 456 7061, Hrafnhildur.

# UM HELGINA



## Striptease Erotic Club

**Þær heitustu í bænum**

**að sjálfsgöðu í Sjallanum  
föstudags- og laugardagskvöld  
aok Diskóteks**

**Boðið er upp á einkadansa  
Aðgangseyrir kr. 1.000,-**

**18 ár**



# UM HELGINA

## Quarashi

**Lang, lang, vinsælasta bandið í dag  
með allra vinsælustu lögin á X-dominos  
og streymir upp listan á Bylgjunni**

**Magnað 16 ára ball**

**á föstudagskvöld til kl. 03:00**



# FRI

**Margarita með hverri  
9", 12", 16" og 18" og að sjálfsgöðu  
máttu kaupa álegg á hana  
Gildir aðeins ef pizzan er sótt**

# ÍSAFJARÐARBÍÓ



## Men in black

Fimmtudag kl. 21:00

Föstudag kl. 21:00

Sunnudag

kl. 17.00 og 21:00

Mánudag kl. 21:00

Þriðjudag kl. 21:00



SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA  
FATLAÐRA Á VESTFJÖRÐUM

## Svæðisskrifstofa Vestfjarða óskar eftir að ráða starfsfólk til eftirfarandi starfa:

### Vinnusalurinn Hvesta:

Okkur vantar starfsmenn í 100% starf og í 50% starf. Vinnutími í 100% starfi er frá kl. 08:00 til kl. 16:00 alla virka daga.

Vinnutími í 50% starfi er samkomulagsatriði. Starfsmenn þurfa að geta hafið störf 1. september næstkomandi.

### Sambýli Bræðratungu:

Okkur vantar starfsmenn í hlutastörf. Vinnutími ervaktavinna sem fram fer á kvöldin og um helgar.

Nánari upplýsingar gefur Sóley Veturlíða-dóttir í síma 456 3290.

### Svæðisskrifstofa:

Okkur vantar starfsmenn til ræstingastarfa á skrifstofunni. Vinnutími er á miðvikudögum og á föstudögum frá kl. 17:00 til kl. 19:00.

Nánari upplýsingar gefur Laufey Jónsdóttir í síma 456 5224.

### Við gerum eftirfarandi hæfniskröfur:

Að starfsmenn hafi vilja til að takast á við ný og krefjandi verkefni í starfi, séu stundvísir og samvirkusamir í starfi og eigi auðvelt með að vinna með öðrum.

Umsóknareyðblöð liggja frammi á Svæðisskrifstofunni, Mjallargötu 1, 400 Ísafirði.

**Umsóknarfrestur er til 26. ágúst 1997.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og starfsmannafélags ríkisstofnanna.

## Arnar G. Hinriksson hdl.

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

### Erum með til sölu

### fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar  
eru veittar á skrifstofu

## Gæsa- og rjúpnaskyttur á hausti komanda

Þjóðum gæsa- og rjúpnaveiðileyfi til sölu í landi Hafnardals og Nauteyrar, ásamt meðfylgjandi svefnpokapláss og góðri eldunaraðstöðu.

Berjatínsluleyfi einnig fáanlegt.

Upplýsingar eru veittar í síma 456 4870 og 854 4013.

## Framsóknarkonur

Munið landsfundinn sem haldinn verður að Holti helgina 23. - 24 ágúst.

Skráning fer fram á skrifstofu flokksins í síma 562 4480 eða hjá Helgu Dóru í síma 456 7783.

## Framtíðarstarf

Prensmiðjan H-prent ehf. á Ísafirði óskar eftir að ráða einstakling til framtíðarstarfa. Um er að ræða vinnu við umbrot, hönnun og uppsetningu prentgagna.

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á tölvum, vera jákvæður, skapandi, hugmyndaríkur, geta unnið sjálfstætt og hafa frumkvæði, sem og góða íslensku kunnáttu. Unnið er einna helst á Corel Draw, Adobe Photoshop og PageMaker.

Nánari upplýsingar veita Halldór og Sigurjón í síma 456 4560 eða á staðnum.



Sólgata 9

400 Ísafjörður

Sími: 456 4560

Fax: 456 4564

Netfang: hprent@snerpa.is

## Póstur og sími hf.

## Burðargjöld blaða og tímarita hækka

Í haust hækkar Póstur og sími hf. burðargjöld á dreifingu blaða og tímarita verulega. Ekki verður lengur um niðurgreiðslu að ræða á burðargjöldum innritaðra blaða og tímarita þar sem dreifing þeirra heyrir undir samkeppnisþjónustu póstsins og fellur ekki lengur undir einkarétt Pósts og síma.

Burðargjald fyrir 100 g blað innanlands, innan sama

póstssvæðis, mun t.d. hækka um 75%, úr 10 kr. í 17,50. Viðbótarafsláttur sem veittur hefur verið vegna innritaðra blaða og tímarita verður einnig felldur niður, en hann hefur verið allt að 50%. Hækkunin verður því í raun meiri og gæti gjald fyrir 100 g blað hækkað úr 5 kr í 17,50 sem eru 250%.

Nýja gjaldskráin tekur gildi 1. október n.k.

## Knattspyrna

## Ernir sigraði

Riðlakeppni í 3. deild knattspyrnu, C-riðli, lauk á sunnudaginn. Ernir frá Ísafirði eru sigurvegarar riðilsins með 33 stig en liðið tapaði aðeins einum leik af tólf. Ernir fara því í átta liða úrslit 3. deildar og mæta Ármanni frá Reykjavík á Torfnesi kl. 14 á laugardaginn.



# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk



## Fjórðungsping Vestfirðinga

# Samgöngumál- in í brennidepli

Fjórðungsping Vestfirðinga, hið 42. í röðinni, verður haldið í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði dagana 29. og 30. ágúst nk. Aðalmál þingsins að þessu sinni eru samgöngumál, en kynnt verður álit samgöngunefndar Fjórðungssambandsins um stefnumótun í vegamálum Vestfirðinga til næstu tíu ára, og málefni fatlaðra vegna fyrirhugaðs flutnings mála-flokksins til sveitarfélaga í byrjun næsta árs.

Þá verður fjallað um skóg-

rækt á Vestfjörðum, möguleikum Vestfjarða í orku- og mann-aflsrekum iðnaði auk þess sem starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf., verður kynnt, frá stofnun þess til dagsins í dag. Þórólfur Halldórsson, formaður samgöngunefndar Fjórðungssambandsins mun kynna álit nefndarinnar um framtíðarskipan í samgöngumálum á Vestfjörðum, Laufey Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum



42. Fjórðungsping Vestfirðinga verður haldið í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í næstu viku.

mun fjalla um framtíðarskipan málefna fatlaðra á Vestfjörðum og Kristján Haraldsson, orku-bússtjóri mun fjalla um virkj-

unarkosti fyrirtækisins.

Þá mun Einar S. Magnússon, markaðsráðgjafi Atvinnuþró-unarfélags Vestfjarða flytja

erindi um möguleika í orku-frekri og mannfrekri fram-leiðslu á Vestfjörðum og Hall-dór Kristjánsson, ráðuneytis-

stjóri í Iðnaðarráðuneytinu mun flytja erindi um hlutverk ráðuneytisins og stuðning þess við iðnaðinn á Vestfjörðum.



Samherji hf., á Akureyri hefur ákveðið að leigja Guðbjörgu ÍS til þýskra útgerðaraðila.

## Frystiskipið Guðbjörg ÍS leigð til þýskrar útgerðar

# Áhöfnin verður skipuð Ís- lendingum og Þjóðverjum

Samherji hf., á Akureyri hefur gengið frá leigu á Guðbjörgu ÍS-46 til þýska útgerðarfélagins Klaus Hartmann Eurotrawl GmbH í Bremerhaven og heldur skipið til veiða fyrir fyrirtækið innan skamms. Guðbjörgin mun veiða kvóta félagsins, m.a. grálúðu við Austur-Grænland og þorsk í Barentshafi auk þess sem möguleiki er á að skipið veiði úthafskarfa innan og utan lögsögu Grænlands. Engar upp-sagnir munu fylgja í kjölfar leigusamningsins og verður áhöfnin skipuð Þjóðverjum og Íslendingum. Ljóst er þó að lítið verður um Ísfirðinga á skipinu eins og verið hefur til þessa.

Sameining Hrannar hf., fyrrum útgerðarfélag skipisins, og Samherja hf., á Akureyri í byrjun ársins, olli töluverðum titringi á meðal íbúa Ísafjarðar og töldu margir að ekki yrði skráð utan Ísafjarðar og þar með að kvótinn hyrfi úr bæjarfélaginu. Svo virðist sem að sá ótti hafi átt við rök að styðjast samkvæmt nýjustu ráðstöfun Samherjamanna á skipinu. Ekki náðist í Þorstein Má Baldvínsson, framkvæmdastjóra Samherja vegna þessa en hann er staddur erlendis um þessar mundir og er ekki væntanlegur til landsins fyrr en í næstu viku. Er blaðið hafði samband við Samherja á mánu-

dag, vildi enginn svara til um leigusamninginn og var blaðamanni bent á að biða eftir að Þorstein Már kæmi til landsins.

Í viðtali við BB í janúar sagði Þorstein Már m.a.: „Guggan verður áfram gul og verður gerð út frá Ísafirði. Ég held að Ís-firðingar eigi nú að þekkja þá Guðmund Guðmundsson og Ásgeir Guðbjartsson það vel að þeir ættu að átta sig á hvað vakir fyrir þeim og því sem þeir eru að gera, en það er einfaldlega að tryggja rekstur skipisins betur. Það hefur aldrei hvarflað að þeim að ganga frá málum öðruvísi en að skipið geti verið þarna áfram. Þeir bera hag Ísafjarðar og sjó-

manna fyrir brjósti og telja sig hafa tryggt þetta á þennan hátt,” sagði Þorsteinn Már. Um ummæli Þorsteins Jóhannessonar, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, um að það hafi sýnt sig við sameiningu Samherja við Hvaleyri í Hafnarfirði, að aflaheimildirnar hafi þar fljótlega farið úr byggðarlaginu sagði Þorsteinn Már: „Ég hef svo sem ekkert við Þorstein nafna minn að segja um það mál. Ég held að það sé ágætt að gera út frá Ísafirði, þaðan er tiltölulega stutt á mið og hefð fyrir útgerð er þar til staðar, þannig að ég tel enga ástæðu til að breyta neinu í sjálfu sér,” sagði Þorsteinn Már í samtali við blaðið í janúar.

## Breiðafjarðarferjan Baldur

# Ríkið eignast skipið

Undirritaður hefur verið rekstrarsamningur milli útgerðar Breiðafjarðarferjunnar Baldurs og Vegagerðarinnar um ferðaáætlun og ferðatíðni skipsins. Um er að ræða samning sem gildir til ársloka 1998.

Samningurinn byggir á fyrri samningi hvað varðar ferðaáætlun og ferðatíðni en rekstrarfyrirkomulagi hefur verið breytt á þann veg að ríkið eignast skipið og Vega-

gerðin leigir það síðan rekstraraðila samkvæmt sérstökum þurrleigusamningi þar um, sem undirritaður var á sama tíma. Er hér um að ræða hliðstætt fyrirkomulag og gert var vegna Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss.

Á sumrin mun Baldur sigla tvær ferðir alla daga vikunnar milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey, en á veturna er sigld ein ferð fimm daga vikunnar.



Um tuttugu manns eru atvinnulausir á Ísafirði í dag.

## Vinnumálastofnun

# Atvinnuleysi minnkar mest á Vestfjörðum

3,6% atvinnuleysi var á landinu öllu í júlí sem er heldur minna en var í júní, en þá var atvinnuleysi 3,7%. Þetta kemur fram í yfirliti Vinnumálastofnunar. Atvinnulausum hefur í heild fækkað um 4,9% frá júlí á síðasta ári en síðastliðna 12 mánuði var atvinnuleysi 4,1% af mannafla á vinnu-

markaði samanborið við 4,3% á árinu 1996 öllu.

Atvinnuástandið hefur breyst misjafnlega eftir atvinnusvæðum en það hefur minnkað mest á Vestfjörðum og Austurlandi en jókst mest í seinasta mánuði á Suðurnesjum. Atvinnuleysi er nú sem áður hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu.